

MAGNÚS BESS JÚLIÚSSON

Á hátindi ferilsins nærri fertugur

• heilsa

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON

Lék frummann í alþjóðlegri auglýsingu

Franska stórfyrirtækið LG í upptökum á Íslandi

FÓLK 26



HRANNAR HAFSTEINSSON

Baksviðs með Metallica

Stjórnar ljósunum á Hróarskelduhátíðinni

FÓLK 20



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. júní 2009 — 147. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR



Sérstæð lista-verkasýning

Þjóðþekktir listaverkasafnarar veita innsýn í söfn sín á sýningu sem verður opnuð Hafnarborg í dag.

TÍMAMÓT 14

Efnahagslegt heilsuleysi

„Við ber að Íslendingar á erlendri grund kjósi að leynd þjóðerni sínu,“ skrifar Jónína Michaelsdóttir.

UMRÆÐAN 12

Rúnari hrósað

Rúnar Rúnarsson sagður besti útskriftarnemandi Danska kvikmyndaskólans í tíu ár.

FÓLK 20




Pepsi-deild karla

Valsmenn og Blikar með góða sigra í lokaleikjum áttundu umferðar í gærkvöldi.

ÍÞRÓTTIR 22

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGLÆTISVEÐUR Í dag verða rigning eða skúrir víða um land en horfur á þurru og nokkuð björtu veðri austantil. Vindáttin verður suðlæg eða breytileg, víða 3-6 metrar á sekúndu.

VEÐUR 4

Nýjung með bláberjum



KEA SKYRDRYKKUR - FYRIR HEILBRIGÐAN LÍFSSTÍL

Áltekjur skila sér illa

Álfyrirtækin nýta sér markað með krónur erlendis og hagnast þannig á misræmi milli gengis Seðlabanka Íslands og markaðsgengis krónunnar erlendis.

EFNAHAGSMÁL Tvö af þremur álfyrirtækjum hérlandis stunda viðskipti með krónur á erlendum mörkuðum. Fyrirtæki sem stunda þessi viðskipti geta hagnast á misræmi milli opinbers gengis Seðlabanka Íslands og gengis krónunnar á markaði í Evrópu.

Viðskiptin gætu átt sér stað með þeim hætti að álfyrirtækin kaupi gjaldeyri á markaði í Evrópu þar sem gengi krónunnar er hagstæðara. Fyrirtækin fá með þessum hætti fleiri krónur fyrir hvern dollara í útflutningstekjur heldur en ef fyrirtækin hefðu skipt gjald-

eyrinum hérlandis. „Mörg fyrirtæki hafa undanþágur frá höftunum í samræmi við 14. gr. reglnanna. Hins vegar eru undanþágur ekki ætlaðar til að fyrirtækin hagnist vegna reglnanna,“ segir Svein Harald Öygard Seðlabankastjóri.

Athuga ber að fyrirtækin brjóta ekki lög með viðskiptunum þar sem þau hafa undanþágu frá gjaldeyrisreglum Seðlabankans.

Upplýsingafulltrúar Alcan á Íslandi og Alcoa segja að fyrirtækin hafi bæði varið lágu hlutfalli tekna til kaupa á íslenskum krónum erlendis.

Upplýsingafulltrúi Norðuráls segir hins vegar að öll viðskipti fyrirtækisins með íslenskar krónur hafi alla tíð farið fram á Íslandi og eingöngu í gegnum íslenska viðskiptabanka.

Hjá Alcan hefur nú verið ákveðið að breyta viðskiptaháttum með krónur. Eftir umfjöllun Fréttablaðsins um gjaldeyrisviðskipti útflutningsfyrirtækja hafði Alcan samband við Seðlabanka Íslands sem óskaði eftir því að gjaldeyrisviðskipti fyrirtækisins færu alfarið fram hérlandis.

-bþa / sjá síðu 6



SAMID UM STÖÐUGLEIKA Fulltrúar atvinnulífs og ríkisstjórnar sátu á fundi fram á nótt í Stjórnarráðinu í gær. Reyna átti að skrifa undir en óvíst var hvort það næðist þegar Fréttablaðið fór í prentun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Fundað um stöðugleikasáttmála langt fram eftir kvöldi í gær:

Stefnt að undirritun samningsins

EFNAHAGSMÁL Fundað var í Stjórnarráðinu fram eftir kvöldi í gær um stöðugleikasáttmála. Allt kapp var lagt á að undirrita samninginn í gær og stóð fundur enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Samkvæmt heimildum blaðsins er samningurinn mjög viðfeðmur og tekur á flestum þeim málum sem hvað hæst hafa farið undanfarið; ríkisfjármálum, bönkum

og gjaldeyrishöftum, svo eitthvað sé nefnt. Þá er gert ráð fyrir að engar ákvarðanir verði teknar í ríkisfjármálum án aðildar samningsaðila.

Fulltrúar vinnumarkaðarins hittu ríkisstjórnina í hádeginu í gær og gengu síðan á fund í Karphúsinu. Ætlunin var að hitta ráðherrana aftur síðdegis en það tafðist, bæði vegna umræðu á Alþingi og þátta sem þurfti að

vinna frekar í samningnum. Á meðan sátu fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandsins, Bandalags háskólamanna, kennarar, bankamenn og fulltrúar Samtaka atvinnulífsins, ásamt fulltrúum ríkisvalds og sveitarfélaga. Sú nefnd hittist klukkan 20 og gekk frá tillögunni sem lögð var fyrir ráðherrana klukkan rúmlega 21 í gærkvöldi.

- kóp

Nýr bæjarstjóri í Kópavogi:

Samstarf áfram með skilyrðum

STJÓRNMÁL Fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi samþykkti með yfirnæfandi meirihluta í gær að Gunnsteinn Sigurðsson tæki við af Gunnari I. Birgissyni sem bæjarstjóri.

Framsóknarmenn funduðu í gærkvöldi og samþykkt var að halda samstarfinu áfram að nokkrum skilyrðum uppfylltum. Meðal annars að nýr bæjarstjóri úr röðum Sjálfstæðisflokks taki við ekki síðar en á miðvikudag og sitji út kjörtímabilið. Ætli Gunnar sér að snúa aftur sem bæjarfulltrúi þurfi að semja um samstarf flokkanna að nýju. Mikill hiti var á fundinum og tillaga um samstarfsslit var felld naumlega.

Á fundi Sjálfstæðismanna var samþykkt tillaga um að lýsa yfir fullu trausti á Gunnar Birgisson og hans störf. Í þriggja klöppuðu fundarmenn honum lof í löfa.

- kóp

Aðdáandi kemst í feitt:

Ævisaga Gylfa Ægis í smíðum

FÓLK Sólmundur Hólm blaðamaðurinnur nú að því að rita endurminningar hins þjóðþekka tónlistarmanns Gylfa Ægissonar ásamt viðfangsefninu. Sólmundur, sem kemur fram sem eftirherma á skemmtunum, hefur einmitt sérhæft sig í að herma eftir Gylfa. Nú hafa tekist með þeim kynni vegna verkefnisins.

„Gylfi er miklu dýpri persóna en ég hélt hann væri. Hann er ekki bara sjúddírarírei þó ekkert orð lýsi manninum betur. Hann er eitt stórt sjúddírarírei.“ Gylfa list vel á verkefnið, hlífir sér hvergi en tekur fram að hann vilji ekki særa nokkurn mann. „Ef við fáum eitthvað fyrir þetta vil ég ekki eyða því öllu í lögfræðinga.“

- jbg / sjá síðu 26



GYLFI ÆGISSON



Ertu læs á fjármál?

Kannaðu fjármálalæsi þitt á byr.is. Það kostar ekki neitt og tekur ekki nema nokkrar mínútur. Fjármálapróf Byrs var þróað í samstarfi við Stofnun um fjármálalæsi við Háskólann í Reykjavík. Það metur fjármálalæsi þitt og er sneisafullt af gagnlegum fróðleik um fjármál að auki. Rannsóknir hafa leitt í ljós að um helmingur Íslendinga vill vita meira um fjármál. Taktu fjármálaprófið á byr.is.



SPURNING DAGSINS



Dagný Alda, er þetta ekki harður bransi?

„Hann er að minnsta kosti ekki mjúkur.“

Dagný Alda Steinsdóttir innanhússarkitekt, sem á og rekur fyrirtækið Alda Design, hyggur á útflutning á vörum úr íslensku grjóti.

Mótmæli í Íran héldu áfram: Viðurkenna kosningasvindl í 50 héruðum

ÍRAN Mótmæli voru leyst upp með tárageiðum í Teheran í Íran í gær. Um þúsund manns höfðu komið saman í gær en engin mótmæli voru á sunnudag. Að minnsta kosti níttján létust í stórum mót-mælum á laugardag og 457 manns voru handteknir.

Leiðtogaáræðið í Íran hefur víðurkennast að í um 50 héruðum landsins hafi greidd atkvæði verið fleiri en fjöldi á kjörskrá.

Heilbrigðisfyrirvöld segja níttján hafa látist á laugardaginn. Ríkisfjölmiðlar segja þrettán hafa látist en aðrar fréttir herma að fjöldinn gæti verið allt að 150 manns.

Mir Hossein Moussavi, sem tapaði í forsetakosningunum þann 12. júní, hvatti í gær stuðningsmenn sína til að halda mót-mælum áfram á friðsamlegan hátt.

- þeb

Ráðherra óttast niðurskurð: Mun koma niður á starfsemi

HEILBRIGÐISMÁL Óhjákvæmilegt er að skerða heilbrigðisstarfsemi eigi að mæta þeim niðurskurði sem heilbrigðis- og tryggingarráðuneytinu er gert að gera, segir Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra.

„Þetta er svo mikill niðurskurður að óhjákvæmilegt er að þetta komi niður á starfsemi.“ Hann segist hafa áhyggjur af stöðunni og reynt verði að ná markmiðum fjárlaga, sem meðal annars séu sett á undirlagi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Verkefnið verði unnið í samvinnu við starfsfólk og notendur þjónustu.

„Við munum vinna þetta á félagslegum og lýðræðislegum nótum.“

- kóp



ostur.is

Veldu létt ... og mundu eftir ostinum!



2 FRÉTTABLAÐIÐ

Olís hækkar bensínverð um 12,5 krónur á lítra sem kostar nú um 190 krónur:

Hækkar lán og ferðakostnað

VÍDSKIPTI Olís hækkaði verð á öllu bensíni um 12,5 krónur í gær og er lítrinn á blýlausu bensíni rúmlega 190 krónur á flestum sölustöðum.

Hækkunin er tilkomin vegna breytinga á vörugjöldum sem tóku gildi 28. maí. Þær birgðir sem félagið átti fyrir hækkunina klárðuðust 18. júní síðastliðinn, en síðan þá hefur fyrirtækið tvisvar flutt inn bensín.

„Þessi hækkun er einfaldlega endurspeglun á þeim skattahækkunum sem ríkisstjórnin lögleiddi á dögum og lýsir þeim veruleika sem íslenskir neytendur búa við,“ segir Tryggvi Þór Herbertsson alþingismaður. Hann segir þessa

hækkun skila sér beint inn í vísi-tölu neysluverðs, sem skili sér í hækkun lána landsmanna.

Hin olíufélögin hafa ekki fylgt í kjölfarið en talið er líklegt að það stýttist í það. Birgðirnar dugi í mesta lagi út mánuðinn.

„Það gefur augaleið að svona mikil hækkun á bensínverði hefur áhrif á ferðaþjónustu og búast má við að margir keyri minna en ella,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustu.

„Allar skattahækkanir sem hækka ferðakostnað eru áhyggjuefni og alltaf hætta á að fólk dragi úr keyrslu,“ segir Erna.

- vsp



BENSÍNI DÆLT Aðeins er farinn að þyngjast róðurinn fyrir bílaeigendur eftir að verð hækkaði á öllu bensíni um 12,5 krónur hjá Olís í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eignir bankans rýrna og skuldabyrði eykst

Verðmæti eigna Landsbankans lækkar. Helgi Hjörvar segir tjónið viðráðanlegt. Formaður skilaneftndar Landsbankans bendir á slök lánasöfn íslenskra fjárfestingarfélaga. Tryggvi Þór Herbertsson segir samninginn ótraustan.

EFNAHAGSMÁL Samkvæmt nýju mati skilaneftndar Landsbanka Íslands hf. er gert ráð fyrir því að 83 prósent fáiast upp í forgangskröfur miðað við stöðuna 30. apríl síðastliðinn. Matið hefur lækkað úr 89 prósentum í febrúar. Ef matið reynist rétt munu nettóskuldir íslenska ríkisins vegna Icesave-samningsins hækka úr 72 milljörðum í 115 milljarða. Þar að auki munu vaxtagreiðslur af Icesave-samningnum bætast við þessa fjárhæð.

Lárus Finnogason, formaður skilaneftndar Landsbankans, segir að sá hluti sem eftir varð í gamla Landsbankanum hafi verið langsamlega verstu lánin í lánasafni bankans. Það skýri að hluta ástæður þess að endurheimtuhlutfall lána íslenska lánasafnsins sé einvörðungu 23 prósent, það langlægsta af þeim lánasöfnum sem bankinn á hlut að. Endurheimtuhlutfall áhættusömustu útlána Landsbankans í London séu 63 prósent og 97 prósent í svokölluðum eignatryggðum flokki. Því eru lán Landsbankans erlendis að skila sér mun betur en útlán hérlandis.

Lárus segir að í sumum tilfellum sé einungis verið að fá smáræði upp í milljarðakröfur íslenskra eignarhalds- og fjárfestingarfélaga. Hann segir að þessi félög dragi endurheimtuhlutfallið umtalsvert niður. Hann segir jafnframt að óvissan um eignasafnið sé enn ákaflega mikil og erfitt sé að meta það. Lárus bætir við að birt verði uppfært mat á verðmæti eigna í ágúst.

„Ég verð stöðugt áhyggjufyllri yfir því að það eigi að samþykkja



FUNDUR EFNAHAGS- OG SKATTANEFTNDAR Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattaneftndar, ræðir uppfært mat á eignum Landsbankans.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ég verð stöðugt áhyggjufyllri yfir því að það eigi að samþykkja þennan Icesave-samning.

TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS

þennan Icesave-samning,“ segir Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Hann segir samninginn ótraustari en hann gerði ráð fyrir og hann vilji sjá ákveðið hámark á þær skuldbindingar sem íslenska ríkið taki

á sig. Hann er ekki ánægður með þá óvissu og miklu áhættu sem er viðloðandi samninginn og segir erfitt að skrifa undir við þessar aðstæður.

„Ég tel þó að tjónið af völdum Icesave-samninganna verði af þeirri stærðargráðu að það sé viðráðanlegt,“ segir Helgi Hjörvar alþingismaður, sem jafnframt er formaður efnahags- og skattaneftndar. Helgi segist ánægður með að matið frá því í febrúar gangi í aðalatriðum eftir en það sé vissuleg slæmt að eignirnar séu að rýrna.

bta@frettabladid.is

Nýr forseti neðri deildar: Mesti heiður pólitísku ferils

BRETLAND John Bercow, þingmaður Íhaldsflokksins í Bretlandi var kjörinn 157. forseti neðri deildar breska þingsins. Hann hlaut 322 atkvæði en keppinautur hans og samflokkssmaður, Sir George Young, fékk 271 atkvæði.

„Þetta er mesti heiður á mínum pólitíska ferli,“ sagði John eftir að úrslitin lágu ljós fyrir í gærkvöldi.

Hann tekur sæti Michaels Martin úr Verkamannaflokki sem véc sökum útgjaldahneykslis sem kom fram í dagsljósið. Margir breskir þingmenn og ráðherrar sögðu af sér í kjölfar hneykslisins.

- vsp



ALÞINGI Fjármálaráðherra sagði aðspurður að Bretum hefði ekki verið gert viðvart um að Icesave nýti mögulega ekki meirihlutastuðnings á Alþingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spurt um Icesave á Alþingi: Icesave fyrir þing á föstudag

ALÞINGI Frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna verður lagt fyrir Alþingi strax að loknum nefndardögum sem lýkur á fimmtudag. Þetta kom fram í máli Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra á þingi í gær.

Í svörum við óundurbúnum fyrirspurnum Illuga Gunnarssonar og Birgittu Jónsdóttur kom fram að ráðherra hefði séð lánasafn Landsbankans. Hann myndi tryggja að þingmenn fengju einnig aðgang að eignasafninu áður en þeir tækju afstöðu til frumvarpsins. Hann sagðist efast um að fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefði kynnt sér safnið.

- kóp

BORGARNES

Tafir við Borgarnes

Umferðartafir verða á Borgarfjarðarbrú við Borgarnes milli eitt og hálf-fjögur aðfaranótt miðvikudags vegna viðgerðar.

ALÞINGI

Valgeir Skagfjörð á þing

Valgeir Skagfjörð tók sæti í fyrsta sinn á Alþingi í gær. Hann kemur inn sem varamaður fyrir Þór Saari, þingmann Borgarahreyfingarinnar, sem er frá þingstörfum í tvær vikur vegna persónulegra ástæðna. Valgeir var í 2. sæti á lista Borgarahreyfingarinnar í Suðvesturkjördæmi í síðustu kosningum.

Skífuhúsið og SPRON-húsið koma til greina undir Bókabúð Máls og menningar:

Tvær M&M búðir í miðbænum

VÍDSKIPTI Ekki er enn ljóst hvert Bókabúð Máls og menningar fer eftir að versluninni við Laugaveg verður lokað 1. ágúst næstkomandi.

Verið er að meta stöðuna, að sögn Ingþórs Ásgeirssonar, framkvæmdastjóra verslanasviðs Pennans. Komið hafi til tals að vera á Laugavegi 26, þar sem Skífan er nú til húsa. Einnig hafi verið skoðað að fara í SPRON-húsið við Skólavörðustíg. „Sena [rekstarfélag Skífunnar] er eitt af þeim fyrirtækjum sem rétt hafa við okkur,“ segir Ingþór. Hann segir ákvörðun verða tekna fyrir lok þessarar viku. Ekki náðust samningar milli Pennans og Kaupangs, eigendafélags hússins, um áframhaldandi leigu.

Bókmenntafélagið Mál og menning hyggst stofna nýja bókabúð í húsinu við Laugaveg 18 sem mun

bera heitið Mál og menning, þó að ekki sé reksturinn á vegum Pennans. Þetta segir Árni Einarsson, stjórnar formaður bókmenntafélagsins. Félagið seldi Pennanum rekstur Bókabúðar Máls og menningar fyrir sjö árum.

Bókmenntafélagið Mál og menning hyggst stofna bókabúðina með eignum bókaverslunarinnar Iðu. Bókaverslun Iðu við Lækjargötu verður þó ekki lokað, að sögn Árna, enda verða ekki sömu áherslur í verslunum. Áhersla verður á innlendar bækur í nýju bókabúðinni. Aðspurður segist Árni ekki gera athugasemd við það að Penninn komi sér upp bókabúð Máls og menningar í miðbænum.

Fjármálastjóri Senu vildi ekki tjá sig um hvort til stæði að leigja Pennanum húsnæði Skífunnar við Laugaveg.

- vsp



LAUGAVEGUR 18 Bókabúð Máls og menningar fer úr þessu húsi 1. ágúst. Í húsinu verður hins vegar rekin bókabúð sem heitir Mál og menning.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Fimm stjörnu gisting í Adria Altea hjólhýsi




Verð 3.390.000 kr.

**400.000 kr.
afsláttur!**

Tilboðsverð 2.990.000 kr.

**Aðeins
4 stk.
eftir!**



Adria Altea 462 PS

Upplýsingar

- Árgerð 2008
- Rafgeymir 12 V 115 amp
- Fataskápur já
- Vatnstankur 40 ltr.
- Ummál fortjalds 912 cm
- Heildarlengd 649 cm
- Vagnlengd 519 cm
- Heildarbreidd 229 cm
- Heildarhæð 253 cm
- Lengd innanmál 466 cm
- Breidd innanmál 217 cm
- Hæð innanmál 195 cm
- Eigin þyngd 1080 kg
- Tilbúið til brottfarar 1141 kg

- Hámarksburðargeta 1300 kg
- Hámarksfarangur 220 kg
- Öxull 1
- Dekkjastærð 190/70 R15
- Gólfþykkt 30 mm
- Veggir og loft 30 mm
- Svefnpláss 4
- Rúm að framan 205x145 cm
- Rúm að aftan 192x136-130 cm
- Salerni THETFORD
- Ísskápur 70 ltr.
- Miðstöðvarkerfi TRUMA
- Vatnshitunarkerfi TRUMA
- Affallstankur 22 ltr.



REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opíð mánud.-föstud. 10-18, laugard. 10-16

AKUREYRI
Söluaðili: BÍLASALA AKUREYRAR
Freyjunesi 2 • 603 Akureyri • sími 461 2533

 **Ellingsen**
– fullt hús ævintýra

GENGIÐ 22.06.2009			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	128,79	129,41
	Sterlingspund	211,97	213,01
	Evra	178,35	179,35
	Dönsk króna	23,955	24,095
	Norsk króna	19,869	19,987
	Sænsk króna	16,126	16,22
	Japanskt jen	1,3412	1,349
SDR		198,27	199,45
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR		218,4528	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Kröfuhafar taka Askar Capital: Wernersbræður missa hlut sinn

VIÐSKIPTI Kröfuhafar fjárfestingarbankans Askar Capital hafa tekið hann yfir. Stærsti hluthafinn eftir yfirtökuna er gamli Glitnir með 53,3 prósentu hlut. Saga Capital á átján prósent og tíu aðrir hluthafar afganginn.



KARL WERNERSSON

Sænska fjármálalögreglunarmálfélagið Moderna Finance, sem var að stórum hluta í eigu Karls og Steingríms Wernerssona, átti tæpt 81 prósent í bankanum og aðrir hluthafar afganginn. Allir eignahlutir gömlu hluthafanna hafa verið færðir niður í núll, að því er segir í tilkynningu.

Eigið fé Askar að loknum þessum breytingum er um átta milljarðar króna og eiginfjárlutfallið komið í um 19 prósent.

- jab

Sjálfsmorðsárásir í Afganistan:

Tvær árásir granda nú

AFGANISTAN, AP Sex manns létu lífið og þrjátíu slösuðust er maður sprengdi sig í borginni Khost í austurhluta Afganistan í gær.

Maðurinn hafði kveikt í sprengju á mótörhjól sínu framan við höfuðstöðvar rafmagnsfyrirtækis í miðbæ borgarinnar og stuttu seinna sprengdi hann sjálfan sig.

Önnur sjálfsmorðsárás var gerð á sama tíma í Kandahar-héraði í suðurhluta Afganistan. Þrír hermenn létu lífið og sjö særðust er bíl fullur af sprengiefni var ekið út á miðja brú og sprengdur þegar verið var að leita að sprengiefnum við brúna.

- hds

Gæsluvarðhalds krafist yfir ökuníðingi sem olli stórtjóni í fyrrakvöld:

Grunaður um akstur undir áhrifum

LÖGREGLUMÁL Ökufanturinn sem ók á fólksbíl og dyr slökkvistöðvarinnar í Skógarhlíð og reyndi að aka niður lögreglumenn er grunaður um að hafa verið undir áhrifum fíkniefna og áfengis við aksturinn.

Maðurinn hefur áður hlotið dóm fyrir fíkniefnaakstur. Gerð verður krafa um gæsluvarðhald yfir manninn. Hann er grunaður um brot á lögum er varða við almannahættu, manndráp og líkamsmeiðingar og brot gegn valdstjórninni.

Maðurinn ók í gegnum nokkrar hurðir á slökkvistöðinni í Skógarhlíð og olli þar stórtjóni. Þaðan hélt hann að lögreglustöðinni við Hverfisgötu en þar var för hans stöðvuð. Hann hafði þá stórskemmt lögreglubíl sem hann ók á. Þá hafði hann gert tilraun til að keyra inn í fjarskiptamiðstöð lögreglunnar við Skógarhlíð. Á stíminu um bæinn ók hann á fólksbíl, sem í voru tvær konur og ein stúlka.

Sjúkrabíll var notaður til þess að reyna að stöðva



ÖKUFANTURINN Var stöðvaður við lögreglustöðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

för hans með því að aka utan í hlið bílsins sem hann var á. Það tókst ekki.

Ekki er ljóst hvað manninum, sem er á fertugsaldri, gekk til en hann olli miklu tjóni og skapaði stórhættu með vítaverðum akstri.

- jss

Öryggismálin á einn stað

Forstjóri Varnarmálastofnunar segir að breytingar á stofnuninni þurfi að gera á faglegum forsendum. Svára þurfi þeirri spurningu hvort færa eigi valdið sem felist í innri og ytri öryggismálum á einn stað.

STJÓRNSÝSLA „Ráðuneytið óskar eftir samvinnu um málið við okkur og hana veitum við glöð,“ segir Ellisif Tinna Víðisdóttir, forstjóri Varnarmálastofnunar, um þá ákvörðun utanríkisráðuneytisins að leggja stofnunina af í núverandi mynd.

Utanríkisráðuneytið segir að skera eigi niður af 1.200 milljónum króna árlegum útgjöldum til Varnarmálastofnunar án þess að það bitni á varnar- og öryggisskuldbindingum þjóðarinnar. Ekki fengust svör frá ráðuneytinu í gær um það hver áhrif breytinganna kynnu að verða.

„Í mínum huga er bara tvennt sem kemur til greina. Það er að hámarka faglega getu og lágmarka kostnað,“ segir Ellisif Tinna. „Ef það að leggja stofnunina niður í núverandi mynd getur á einhvern hátt lækkað kostnað um leið og við getum staðið vörð um faglega getu og varnarskuldbindingar þá er það bara af hinu góða.“

Rætt hefur verið um að sameina Varnarmálastofnun öðrum stofnunum eða búa hana niður. Forstjórinn bendir á að enn liggi ekkert fyrir um hver útkoman verði. Fyrsti fundur verði í dag um málið með fulltrúum utanríkisráðuneytisins. „Ég sem forstjóri stofnunarinnar legg áherslu á að fagmennirnir fái að taka þátt í þessari vinnu. Ég veit að utanríkisráðherrann er að leggja sig fram um að gera þetta vel og faglega og við styðjum hann að sjálfsögðu í því,“ segir Ellisif Tinna.

Að sögn forstjórans þarf að svara því hvort ætlunin sé að vera í Nató eða ekki. „Ef svarið pólitískt er það að við ætlum að vera í Nató þá fylgja því ákveðnar leikreglur að vera í þeim klúbbi. Menn geta ekki verið í klúbbi ef þeir fylgja ekki leikreglum. Það eru engin sérkjör fyrir Ísland. Menn verða líka að spyrja sig: Vilja menn setja saman innri og ytri öryggismál og færa allt það vald á eina hendi?“ segir hún.

Þá bendir Ellisif Tinna á að Íslendingar eigi ekki sjálfir ratsjárkerfið sem Varnarmálastofnun rekur heldur sé kerfið fjármagnað af mannvirkjasjóði Nató sem lagt hafi fimmtíu til sextíu milljarða króna í kerfið. „Ef við ætlum ekki að nota ratsjárstöðvarnar í varnartilgangi þá gætu þær einfaldlega verið teknar og settar upp annars staðar því það er eftirspurn eftir þeim hjá Nató. Til dæmis



FORSTJÓRINN OG RÁÐHERRANN Varnarmálastofnun var sett á laggirnar í núverandi mynd í utanríkisráðherratið Ingibjargar Sólrúnar Gíslasdóttur, sem hér tekur í hönd Ellisifjar Tinnu Víðisdóttur, forstjóra stofnunarinnar.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

er Albanía, sem er nýgengin í bandalagið, að biða eftir svona ratsjám,“ segir hún.

Ellisif Tinna kveðst telja að ef Varnarmálastofnun sameinist annarri stofnun eigi forstjórar beggja stofnana að víkja. Þeir geti svo sótt um nýja starfið ef þeir vilji. „Þetta snýst ekki um stólinn minn eða mína persónu eða hagsmuni einhvers annars forstjóra eða einhvers ráðuneytis. Þetta snýst um faglega hagsmuni og þetta snýst um hagsmuni Íslands. Í mínum huga er allt annað úti.“

gar@frettabladid.is

Rekstur Varnarmálastofnunar hefur áhrif á starf Flugstoða

Flugstoðir ohf. reka eftirlit og þjónustu fyrir almenna flugumferð um íslenska flugstjórnarsvæðið. Tekjur af því námu 2,5 milljörðum króna í fyrra.

„Varnarmálastofnun rekur í dag fjórar ratsjár á Íslandi, rekstur þeirra hefur áhrif á það þjónustustig sem Flugstoðir veita,“ segir Hjördis Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Flugstoða, spurð hvort breytingar hjá Varnarmálastofnun hafi áhrif á rekstur Flugstoða.

Borgarferð

Kraká

Ein best varðveitta miðaldaborg Evrópu. Borg sem iðar af lífi og sérlega hagstætt verðlag.

12.-19. ágúst 2009
Fararstjóri: Óttar Guðmundsson læknir

Verð á mann í tvíbýli: **119.900 kr.**

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótलगisting í 7 nætur ásamt morgunverði og íslensk fararstjórn.

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Fleiri dagsetningar og nánari upplýsingar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

VEÐURSPÁ

HÆGVIBRI í dag og næstu daga verður hægur vindur og frekar vætusamt á landinu. Besta veðrið verður á austanverðu landinu í dag en á morgun snýst dæmið við, þá verða norðlægar áttir og horfur á mestri úrkomu suðaustan og austanlands.

Á MORGUN Norðlægar áttir, 3-8 m/s.

FIMMTUDAGUR Hæg austlæg átt, 3-8 m/s.

HEIMURINN

Alicante	28°
Bassel	22°
Berlín	23°
Billund	20°
Eindhoven	20°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	13°
Gautaborg	21°
Kaupmannahöfn	21°
Las Palmas	23°
London	21°
Mallorca	31°
New York	28°
Orlando	33°
Ósló	22°
París	23°
San Francisco	23°
Stokkhólmur	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ÞVOTTADAGAR



TF1255E



Elektro **EH** Helios
SÆNSK SNILLD

Elektro Helios þvottavél

1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti.
Öll hugsanlega þvottakerfi. Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B · Orkuflokkur: A+

TILBOÐSVERÐ:
KR. 89.900.-

TF1465E



Elektro Helios þvottavél

1400 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti.
Öll hugsanlega þvottakerfi. Tímaskjár sem sýnir framvindu
þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma.
Þvottahæfni: A · Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+

TILBOÐSVERÐ:
KR. 99.900.-

LAVAMAT 62840



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG þvottavél

1200 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi.
Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar
þvottatíma. Þvottahæfni: A · Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+

TILBOÐSVERÐ:
KR. 109.900

LAVAMAT 64840



AEG þvottavél

1400 snúninga vél sem tekur 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi.
Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar
þvottatíma. Þvottahæfni: A · Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+

TILBOÐSVERÐ:
KR. 119.900

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

NÝJAR,
EÐAL
ÞVOTTAVÉLAR
&
ÞURRKARAR

*Þú gerir ekki
betri kaup
á hágæða
þvottavélum!*

15%
afsláttur

Allar
einstakar
þvottavélar
og þurrkarar
eru nú á
tilboðsverði.

ORMSSON

UMBODSMENN
UM LAND ALLT

Sjá nánar á www.ormsson.is

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSI
SÍMI 480 1160

KJÖRKASSINN



Pekkir þú einhvern sem hefur verið brotið á af hálfu kirkjunnar?

Já

14,0%

Nei

86,0%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ertu sátt/ur við 12,5 króna bensínverðshækkun?

Segðu þína skoðun á vísir.is



6

FRÉTTABLAÐIÐ

23. júní 2009

ÞRIÐJUDAGUR

Karlmaður, sem ráðist var á, var áður í gæsluvarðhaldi vegna líkamsárásar:

Stórslasaður eftir líkamsárás

LÖGREGLUMÁL

Karlmaður á þrítugsaldri liggur stórslasaður á Landspítalanum eftir líkamsárás eða slagsmál í Smáibúðahverfinu. Maðurinn gekkst undir aðgerð í gær. Hann var ekki talinn í lífshættu, en er meðal annars mikið laskaður í andliti.

Árásin í Smáibúðahverfinu átti sér stað um kvöldmatarleytið á sunnudag. Fimm menn voru handteknir. Þeir eru allir búsettir í Smáibúðahverfinu. Fjórum var sleppt eftir yfirheyrslur í gær, en gerð krafa um gæsluvarðhald yfir þeim fimmta.

Sá sem slasaðist nú er á þrítugsaldri. Hann var einn þeirra sem sátu í gæsluvarðhaldi eftir að ungur

maður fannst mikið meiddur eftir meinta líkamsárás á Grettisgötu í júní. Sá sem fyrir henni varð slasaðist mjög mikið og hefur enn ekki reynst unnt að yfirheyra hann. Einn maður situr enn í gæsluvarðhaldi vegna þeirrar líkamsárásar. Hann leigir herbergið á Grettisgötunni þar sem slasaði maðurinn fannst uppi í rúmi. Í herberginu fannst meðal annars blóðugt júdó- eða karatebelti í vaskinum. Í ruslatunnu fundust blóðug rúmöt og blóðugir inniskór undir laki.

Óvist er að bein tengsl séu milli þessara tveggja árásarmála, sem Litháar áttu hlut að í báðum tilvikum.



GRETTISGATA 43 Þar átti fyrri líkamsárásin sér stað.

Líkamsárás og frelsissvipting:

Ákærður fyrir handrúkkun

DÓMSMÁL

Karlmaður hefur verið ákærður fyrir líkamsárás og frelsissviptingu

Hann veittist að öðrum manni við Lóuhóla í Reykjavík, þreif í peysu hans og dró hann með sér að bifreið. Þar rúkaði hann manninn um meinta skuld og barði hann í höfuð og líkama. Fórnarlambið rak höfuðið utan í bifreiðina og féll á jörðina. Þessu næst neyddi árásarmaðurinn hinn inn í aftursæti bifreiðarinnar og ók með hann til Hafnarfjarðar, en lögregla stöðvaði aksturinn við Bæjarhraun þar í bæ. Fórnarlambið hlaut talsverða áverka.

- jss

LÖGREGLUFRÉTTIR

Enduro-hjóli stolið

KTM 400 Enduro-mótorhjóli var stolið aftan af bíl við Meðalholt í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Hjólið er með skráningarnúmerið RO-467. Fundarlaunum er heitið fyrir hjólið en allar upplýsingar eru vel þegnar af Öðni í síma 820-3444.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Sex fíkniefnamál á Bíladögum

Sex fíkniefnamál komu upp á Akureyri á Bíladögum um helgina. Lagt var hald á fjörutíu grömm af amfetamíni, fimm grömm af kókaini og fimmtán grömm af kannabisefnum. Ellefu ökumenn voru teknir vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna síðustu vikuna.

Alcan og Fjarðaál flytja inn krónur

Tvö álfyrirtæki kaupa krónur erlendis til að greiða innlendan kostnað. Seðlabankastjóri segir undanþágur ekki ætlaðar til að fyrirtækin hagnist á þeim. Fyrirtækin brjóta ekki lög en þetta gæti haldið aftur af styrkingu krónunnar.

Nýtt og betra!



MINNA AF SYKRI • MEIRA AF ÁVÖXTUM

Grillfólkið

Kryddlegnar kótilettur



Grill, gleði og samvera

Njóttu góðrar máltíðar með vinum og vandaðmönnum með SS grillkjöti.

Ljúffengur kryddlögurinn dregur fram það besta í kjötinu og vel grillað kjöt laðar fram brosið á fólkinu þínu.

Grillkjötið frá SS – fyrir sérstakar stundir.



fremstir fyrir bragðið

www.ss.is

EFNAHAGSMÁL

Tvö af þremur álfyrirtækjum hérlandis kaupa krónur erlendis. Slík viðskipti geta haldið aftur af styrkingu krónunnar þar sem erlendir gjaldeyrir flæðir ekki til landsins. Athuga ber að fyrirtækin brjóta ekki lög með viðskiptunum þar sem þau hafa undanþágu frá gjaldeyrisreglum Seðlabankans.

Viðskiptin gætu átt sér stað með þeim hætti að álfyrirtækin kaupir gjaldeyri á markaði í Evrópu þar sem gengi krónunnar er hagstæðara. Fyrirtækin fá með þessum hætti fleiri krónur fyrir hvern dollara í útflutningstekjur samanborið við ef fyrirtækin hefðu skipt gjaldeyrinum hérlandis. Fyrirtækin flytja svo krónur til Íslands sem þau geta notað til að greiða innlendan kostnað. Viðskiptin gera það að verkum að erlendir gjaldeyrir kemur ekki til landsins og hefur þar með ekki áhrif á opinbert gengi Seðlabanka Íslands.

„Við höfum varið litlum hluta tekna okkar í viðskipti með krónur erlendis, eins og við höfum fengið staðfest hjá Seðlabanka Íslands að félaginu er heimilt,“ segir Ólafur Teitur Guðnason framkvæmdastjóri samskiptasviðs Alcan í Straumsvík. Ólafur segir jafnframt að félagið hafi notað þær krónur sem keyptar hafa verið erlendis til að greiða minnihluta af innlendum kostnaði félagsins. Ólafur segist ekki vita til þess að þessi viðskipti hafi átt sér stað á árum áður en hann sé ekki í aðstöðu til að fullyrða um það.

„Við hjá Alcoa Fjarðaráli höfum varið lágu hlutfalli okkar tekna til kaupa á íslenskum krónum erlendis,“ segir Erna Indriðadóttir framkvæmdastjóri hjá Fjarðaráli. Hún bætir við að Alcoa hafi

ÁLVER Í STRAUMSVÍK OG VIÐ REYÐARFJÖRÐ

Fyrirtækin tvö kaupa krónur erlendis. Slík viðskipti draga úr flæði gjaldeyris til landsins.

BREYTA GJALDEYRISVIÐSKIPTUM

Alcan hyggst breyta viðskiptaháttum sínum og hætta viðskiptum með krónum á erlendum mörkuðum. Eftir umfjöllun Fréttablaðsins hafði Alcan samband við Seðlabanka Íslands þar sem óskað var eftir því að gjaldeyrisviðskipti fyrirtækisins færu alfarið fram hérlandis.

Fréttablaðinu barst eftirfarandi tilkynning frá Ólafi Teiti Guðnasyni framkvæmdastjóra upplýsingasviðs Alcan á Íslandi seint í gær: „Við höfum fengið margstaðfest að okkar viðskipti séu lögleg og heimil. Það kom okkur því á óvart að lesa um það í fjölmiðlum að til staði hjá Seðlabankanum að taka þau til athugunar. Við settum okkur í samband við bankann af þessu tilefni og kom þá fram ósk af hálfu bankans um að við keyptum krónur eingöngu á Íslandi. Við svörðum því strax til að við myndum verða við þeirri ósk.“ -bþa

ekki breytt sínum viðskiptaháttum eftir bankahrúnið og að viðskiptin séu í samræmi við fjárfestingasamning fyrirtækisins og reglur Seðlabankans.

„Mörg fyrirtækjanna hafa undanþágur frá höftunum í samræmi við 14. gr. reglnanna. Hins vegar eru undanþágur ekki ætlaðar til að fyrirtækin hagnist vegna reglnanna,“ segir Svein Harald Öygard Seðlabankastjóri. Í svari Seðlabankastjóra við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að bankinn hafi boðað stærstu útflytjendur landsins á fund þar sem markmiðið sé að fara yfir starfshætti og ræða fyrirliggjandi gögn um

gjaldeyrisflæði. „Þetta ferli er ekki vegna gruns um brot hjá fyrirtækjunum,“ segir Svein.

Ágúst Hafberg framkvæmdastjóri upplýsingasviðs Norðurlás segir að öll viðskipti fyrirtækisins með íslenskar krónur hafi alla tíð farið fram á Íslandi og eingöngu í gegnum íslenska viðskiptabanka í samræmi við lög og reglur.

Athuga ber að álfyrirtækin hafa marga samninga í erlendum gjaldeyri og því ljóst að fyrirtækin koma með umtalsvert magn gjaldeyris til landsins þrátt fyrir að vera þátttakendur á markaði erlendis með krónum.

bta@frettabladid.is

Margra ára vinna sagnfræðings unnin fyrir gýg eftir innbrot:

Hrikalegt að missa ævistarfið

LÖGREGLUMÁL

„Þetta er alveg skelfilegt. Ef ég gæti bara fengið innvolsið úr annarri hvorri tölvunni til baka yrði ég mjög hamingjusamur og myndi borga gull og græna skóga,“ segir Þorleifur Friðriksson sagnfræðingur. Brotist var inn á heimili Þorleifs og fjölskyldu í Kópavoginum á föstudaginn og stolið þaðan meðal annars tveimur fartölvum, flakkara og minniskubbi sem innihéldu loka-handrit að öðru bindi sögu Dagsbrúnar, sem Þorleifur hefur nýlök- ið við að skrifa, en fyrsta bindið kom út fyrir tveimur árum. „Það er hrikalegt að missa ævistarfið sitt á þennan hátt. Þetta er grundvallarrit í íslenskri verkalýðs- sögu,“ segir Þorleifur.



INNBRÖT Brotist var inn á heimili Þorleifs Friðrikssonar í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Auk þess að hafa á brott með sér tölvurnar og fylgihluti tóku þjófarnir skartgrip í eigu eigin- konu Þorleifs, doktorshringinn hans og gullbakka frá átjándu öld. „Gullbakinn er gamall ætt-

argripur sem átti að fara á Þjóðminjasafnið. En þetta eru einungis hlutir og því léttvægir. Í tölvunum voru hins vegar mörg ár af vinnu, og til viðbótar frumsamin tónlist eftir son minn, sem er tónlistar- maður.“

Þorleifur segist hafa lært af tíðum frásögnum af innbrotum í fjölmiðlum. „Ég hafði vistað öll skrifin á fjórum stöðum, þar á meðal á Macintosh-tölvu sem hrundi rétt fyrir helgi. Það er greinilega erfitt að verja sig fyrir svona uppákomum í þessu þjóðfélagi,“ segir Þorleifur.

Þeir sem gætu gefið vísbendingar um hvar handritið að bók Þorleifs er að finna eru beðnir um að hafa samband við lögreglu.

- kg

FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM



30%
AFSLÁTTUR!

HÁGÆÐA AMERÍSK FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM Á 30% AFSLÆTTI

Í Rekkjunni færðu hágæða amerísk fjölstillanleg rúm við þitt hæfi, allt frá einföldustu rúmum upp í rúm sem standast væntingar hinna kröfuhörðustu, t.d. með færanlegum sleða í botninum (sem gerir þér kleift að nýta ljósið frá náttlampanum í öllum stillingum), þráðlausri upplýstri fjarstýringu, nuddi með minni, straumrofi við mótör, minni á uppáhaldsstillingu o.fl.

Þegar velja skal rétta dýnu í stillanlega rúmið finnurðu hana í Rekkjunni. Úrvalið er mikið; þrýsitijöfnunarsvampdýnur, pokagormadýnur og hágæða dýnur úr Talalay-Latexi með áklæði úr lífrænt ræktuðum bómul o.fl. Sjón er sögu ríkari.

S-Cape

- S-Cape er einn öflugasti færanlegi stillanlegi botninn í dag.
- Botninn er á sleða svo þú nýtir ljósið á náttbordinu.
- Allt í grindinni, sem ekki er úr stáli, svo sem festingar, fíðringar og lídamót, er úr næloni.
- Hljóðlátir og öflugir mótörar.
- 3 mm tvíhert stálgrind undir botninum.
- Tveir mótörar, einn fyrir fætur og annar fyrir bak – mikill kraftur og styrkur.
- Ljós er í fjarstýringunni svo hægt sé að nota hana í myrkri, einnig er fjarstýringin þráðlaus.
- Nudd er í botninum sem örvar blóðrásina og minnkar þjágmyndun á líkamanum.
- 10 ára ábyrgð á mótör og 12 ára ábyrgð á grindinni.
- Hægt er að vista sína uppáhaldsstöðu á rúminu og eru 3 vinsælar stöður þegar vistaðar.
- Litill sem enginn straumur er á mótörnum þegar ekki er verið að ýta á takka á fjarstýringu.
- Ef rafmagn skildi fara af heimilinu þegar þú ert í uppréttri stöðu fer rúmið sjálfkrafa niður í svefnstöðu.



S-CAPE

Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 821.114 kr.

**Verð nú frá
574.480 kr.**

WALLHUGGER

Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 676.114 kr.

**Verð nú frá
473.279 kr.**

ÞRÝSITIJÖFNUNARSVAMPSRÚM

30%
AFSLÁTTUR



**ÞRÝSITIJÖFNUNAR-
SVAMPSRÚM**
(Queen size 153x203)
Verð frá 165.500 kr.

**Verð nú frá
115.850 kr.**

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

rekkjan

Erlendir ferðamenn kaupa mikið af fartölvum eftir að krónan hrundi:

Ferðamenn gera kjarakaup

VERSLUN Erlendir ferðamenn koma í hópum í tölvuverslunina EJS í Reykjavík og á Akureyri og kaupa fartölvur, enda er gengið þeim hagstætt. „Ferðamenn eru að gera kjarakaup og það er mjög hagstætt verð hjá okkur og hefur alltaf verið. Einnig erum við að bjóða útlendingunum upp á alþjóðlega ábyrgð,“ segir Bjarni Þór Sigurðsson, sölustjóri EJS. Kaupæðið hófst strax í október í fyrra í kjölfar gengishrunsins.

„Um jólin var síðan mikið um að Íslendingar í skólum erlendis og fólk sem var búsett erlendis keypti sér fartölvu hér til að taka með sér út,“ segir Bjarni.

Mikið af skemmtiferðarskipum hefur verið í höfn á Akureyri frá því í vor og segir Bjarni að mikið sé um að teknar séu rútufærðir í verslanir. Einnig komi margir almennir ferðamenn og kaupir af þeim.

Fartölvusala hefur verið góð hjá fyrirtækinu frá bankahruninu að sögn Bjarna og sala til almennings milli ára stendur í stað. Fyrirtækin séu hins vegar að draga saman og því dragist salan til þeirra saman.

Hann segir að tölvumerkið Dell sé sjaldgæft í verslunum erlendis og því séu ferðamenn spenntir fyrir því. Þeir þurfi venjulega



Í TÖLVUVERSLUN Erlendir ferðamenn kaupa fartölvur í hrönnum af EJS. Gengið er þeim hagstætt eftir að krónan hrundi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

að panta tölvurnar á netinu í sínu heimalandi.

- vsp

Arnarnesræningjar neita að hafa hótað

Aðalmeðferð hófst í héraðsdómi í gær í máli fjórmenninga sem rændu eldri hjón á Arnarnesi í apríl. Mennirnir sem frömdu ránið eru sagðir hafa hótað og ógnað hjónunum en neita því. Þeir höfðu aldrei hist fyrir ránið.

DÓMSMÁL Aðalmeðferð hófst í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur yfir fjórum ungmennum sem rændu eldri hjón á Arnarnesi í apríl síðastliðnum.

Fólkið er allt ákært fyrir hús-brot, rán og brot gegn frjálrsræði manna. Þá eru þau öll sökuð um að hafa tekið ákvörðun um ránið í félagi hvert við annað og teljast því meðsek í málinu, þrátt fyrir að hafa átt mjög mismikinn þátt í því. Tveir menn, 22 og 31 árs, eru ákærðir fyrir að ryðjast inn í hús hjónanna, ráðast á þau, halda þeim í gíslingu og ræna þau. Tvær stúlkur, 20 og 17 ára, eru ákærðar fyrir að leggja á ráðin um ránið og biðja mannanna í bíl. Yngri stúlkan er barnabarn mannsins sem var rændur.

Við vitnaleiðslur kom fram að fólkið hefði allt verið undir áhrifum áfengis og fíkniefna þegar ránið var framið. Ætlunin hefði upphaflega verið að ræna mannlaus hús til þess að fjármagna fíkniefna-kaup. Stúlkurnar tvær og annar mannanna keyrðu um Arnarnesið og önnur stúlkan benti hinum á hús afa síns og stjúpömmu við Mávanes. Þau hafi séð ljós í húsinu og þess vegna ákveðið að fá hinn manninn með í ránið.

Yngri maðurinn bar fyrir dómi að hann hefði ekki vitað að um rán væri að ræða heldur hefði hann verið beðinn um að hjálpa til við búslóðarflutninga. Hinir sakborn-ingarnir þrír sögðu þó allir að honum hefði verið fullljóst að rán væri ætlunin.

Mönnunum er gefið að sök að hafa ruðst inn á heimili hjónanna þegar konan kom til dyra. Þá mun sá eldri hafa tekið fyrir vit hennar, snúið hana niður í gólfið og svo slegið hana þremur þungum höggum í höfuðið. Hinn hafi á sama tíma



FYRIR DÓMARA Hér sést annar ákærðu mannanna leiddur fyrir dómara í apríl.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VAR AÐ GRÍNAST MEÐ RÁNIÐ

Önnur stúlkanna tveggja er barnabarn mannsins sem var rændur. Hún bar fyrir dómi að hún hefði beðið mennina tvo sem frömdu ránið um að gera afa sínum og stjúpömmu ekki mein. Hún beið ásamt hinni stúlkunni í bíl á meðan ránið fór fram. Þá sagði hún að hana hefði langað að vara við ráninu en ekki getað það vegna þess að síminn hennar hefði verið ónýtur. Jafnframt

sagði hún að sig hefði langað að gefa sig fram en ekki þorað.

Hin stúlkan sagði að á meðan þær sátu í bílnum hefði barnabarnið sagt við hana að hún hefði verið að grínast með að benda á hús afa síns og stjúpömmu. Hún hefði ekki haldið að látið yrði verða af því að fremja ránið. Þegar henni hefði orðið það ljóst hefði hún ekki þorað að segja neitt.

farið á neðri hæð hússins þar sem maðurinn var, lagt hnið að honum og hótað að stinga hann. Hann hafi svo hótað báðum hjónunum lífláti á meðan félagi hans fór um húsið í leit að verðmætum. Þeir skáru svo á símasnúður og hötuðu að skjóta hjónin áður en þeir fóru.

Yngri maðurinn sagðist fyrir dómi ekki hafa haft í hótunum við

hjólin. Sá eldri neitaði líka að hafa hótað hjónunum og slegið konuna. Hvorugur þeirra kannaðist við að hafa skorið á símalínurnar. Fram kom fyrir dómi að mennirnir höfðu aldrei hist fyrr en í ráninu. Stúlkurnar tvær hafa hins vegar verið vinkonur frá því þær kynntust í meðferð á Vogu fyrir um ári.

thorunn@frettabladid.is

Kynjahlutfall mjög ójafnt í vinsælustu framhaldsskólunum á næsta skólaári:

Piltar í miklum minnihluta

MENNTAMÁL Töluvert fleiri stúlkur voru teknar inn í Menntaskólann í Reykjavík en strákar fyrir næsta skólaár. Af þeim sem tekin voru inn var 151 stúlka og 115 piltar. Stúlkur á fyrsta ári verða því um 57 prósent nemenda þess árs.

Ekki er óvenjulegt að fleiri stúlkur séu teknar inn, að sögn Bjarna Gunnarssonar, konrektors MR. Þetta sé þó ívið meira en oftast hafi verið. Ekki var reynt að jafna hlutfallið milli kynjanna. Miðað var við einkunnina 8,4 á náttúrufræðibraut og 8,2 á mála- braut þegar umsækjendur voru metnir.

Í Verzlunarskóla Íslands er hlutfallið hærra. Stúlkur eru um 63 prósent þeirra sem fengu inn-



TOLLERING Í MR Töluvert fleiri stúlkur en piltar verða tolleraðar næsta haust. Um 57 prósent nemenda sem teknir voru inn fyrir næsta skólaár voru stúlkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

göngu fyrir næsta skólaár og piltar um 37 prósent. Inngöngu fengu 308 nemendur; 194 stúlkur og 114

piltar. Engin sérstök viðmiðunar-einkunn var í Verzló en langflestir nemendur voru með yfir 8,5 í meðaleinkunn úr grunnskóla.

Ekki er búið að taka tölur um kynjahlutfall saman í Menntaskól- anum við Hamrahlíð að sögn G. Pálma Magnússonar, konrektors MH. Verið er að vinna í því.

Í fyrstu atrennu voru þeir lægstu sem komust inn með 7,5 í meðaleinkunn. Þegar taka átti inn þá sem völdu MH sem auka- val þurfti hins vegar að vísa fólki frá sem var langt yfir 8,5 í meðal-einkunn.

„Við bjuggumst ekki við að Verzló og MR visuðu fólki með svona háar einkunnir frá,“ segir Pálmi.

- vsp

ÓDÝRT Í HAGKAUP



NAUTAATS
HAMBORGARAR

499 kr/pk.



NEW ORLEANS
BBQ SVÍNARIF

1.026 kr/kg.

Merkt verð 1.579.-



LAMBALÆRI
GRILLSAGAÐ

1.438 kr/kg.

Merkt verð 1.798.-



STÓR HUMAR
SÉRVALINN

2.999 kr/kg.



ROÐ- OG BEINLAUS
FROSIN ÝSA

689 kr/kg.

Gildir til 28. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð



TORGID

VÖRUMARKAÐUR HÚSASMIÐJUNNAR

Allt fyrir sumarið á betra verði

Torgið má finna í Húsasmiðjunni Skútuvogi, Grafarholti, Hafnarfirði, Selfossi, Reykjanesbæ, Akureyri, Egilsstöðum, Borgarnesi og Hvolsvelli



Boltapumpa
4300033



4300068



Afmæliskort
4300033



4301098



4301097



160 sm veiðistöng
4301099



Sumarleikföng



Bökunarsett
2009170

Sérsniðin heyrnartæki fyrir alla!

Hjá Heyrnarstöðinni, Kringlunni færðu alla þjónustu sem snýr að heyrnarmælingum og heyrnartækjum. Við sérsníðum heyrnartæki svo þau falli vel að hverju eyra og skili hljóminum fullkomlega – frá dýpstu tónum til hæstu hæða. Komdu til okkar og fáðu aðstoð við val á réttu heyrnartækjunum fyrir þig.

Ókeypis heyrnarmæling

Heyrnarmæling tekur stutta stund en getur bætt lífsgæði þín um alla framtíð.

TRYGGINGASTOFNUN
TEKUR ÞÁTT Í GREIÐSLU
HEYRNARTÆKJA!

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir 9-17 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 14
OMX ÍSLAND 15
266 +0,14%

Velta: 34 milljónir
OMX ÍSLAND 6
740+0,00%

MESTA HÆKKUN

↑ EIMSKIP
BAKKAVÖR

+42,86%
+3,25%

MESTA LÆKKUN

↓ ÖSSUR

-0,45%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 164,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 485,00 +0,00% ... Bakkavör 1,27 +3,25% ... Eik Banki 89,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,00 +42,86% ... Føroya Banki 122,50 +0,00% ... Icelandair Group 4,75 +0,00% ... Marel Food Systems 53,40 +0,00% ... Össur 111,00 -0,45%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Yfir 34 þúsund manns fá endurgreitt úr Edge

Endurgreiðslur til þýskra Edge-innstæðueigenda eru farnar að berast til Þýskalands, samkvæmt tilkynningu skilaneðndar bankans. Alls fá yfir 34 þúsund innstæðueigendur endurgreiðslur sem nema um 58 milljörðum króna (320 milljónum evra) á næstu vikum. Þegar hafa verið send fyrirmæli um endurgreiðslu til um tuttugu þúsund viðskiptavina.

Um miðjan apríl tilkynnti skilaneðndin að nægt fjármagn væri fyrir hendi til að greiða út allar innstæður Edge í Þýskalandi. „Af tæknilegum ástæðum er endurgreiðsluferlið tekið í skrefum sem þýðir að fyrstu innstæðueigendur munu fá endurgreitt á næstu dögum og aðrir í framhaldinu“, segir í tilkynningu skilaneðndarinnar.

Haft er eftir Steinari Þór Guðgeirssyni, formanni skilaneðndarinnar, að sleitulaust hafi verið unnið að endurgreiðslunum undan-



Í ÞÝSKALANDI Þýskir eigendur innstæðna á Edge-reikningum Kaupþings fá endurgreitt á næstu vikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

farið hálfalt ár og að skilaneðndin sé ánægð með að fyrstu greiðslurnar séu farnar að berast til Þýskalands. Hann segir margt hafa tafið ferlið, sem reynst hafi flóknara en nokkurn hafi órað fyrir. Steinari áréttar að þegar endurgreiðslunum í Þýskalandi ljúki hafi allar forgangskröfur innstæðueigenda í útibúum Kaupþings verið greiddar án þess að króna falli á íslenska skattgreiðendur.

- óká

Vaxtalaus þjónustulán


0% vextir!
í allt að 12 mánuði



Atvinnubílar



Hér tökum við á mót þínum bíl



Þegar nauðsynlegt er að ráðast í viðhald eða viðgerðir á bíl frá HEKLU borgar sig að leita ekki langt yfir skammt. HEKLA býður nú upp á vaxtalaus lán til að standa undir kostnaði á viðgerðum*. Þannig getur þú tryggt endingu og öryggi bílsins án þess að það setji stórt strik í heimilisbókhaldið. Pantaðu tíma hjá þjónustudeildum HEKLU strax í dag í síma 590 5030.

Reynslan er góð!



Þjónustuver og þjónustumóttökur eru opnar frá 8-18 alla virka daga · Pantanasími 590 5030 · thjonusta@thjonusta.is

Laugavegi 168-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is



Tal



HEIMASÍMI



NET



GSM

Allur Pakkinn

frá **3.990 kr.** á mánuði

Mánaðargjald á heimasíma, neti og gsm

6 vinir óháð kerfi

Veldu 6 gsm eða heimasímanúmer.

Má biðja um svolitla samstöðu og samheldni?

Vondir í skapinu

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON SKRIFAR

Þá voru þeir ekki eins vondir í skapinu, pólitíkusarnir,“ sagði Gísli Halldórsson arkitekt í viðtali í Morgunblaðinu á sunnudag. Ummælin féllu í kjölfar frásagnar af því stórmerka átaki þegar ráðist var í umfangsmiklar íbúðabyggingar í Reykjavík á sjötta áratugnum til að koma þaki yfir höfuð hundraða fjölskyldna sem bjuggu í lekum og köldum bröggum vítt og breitt um borgina.

Átakið var samhent og að því komu stjórnmalamenn í bæ og ríki, félagasamtök og fleiri. Menn voru sammála um að við ríkjandi ástand mætti ekki búa og sammæltust um að finna lausn á vandanum.

Nú, röskri hálfri öld síðar, er við býsna mikinn vanda að etja í íslensku samfélagi. Og einmitt þegar þörf er á samheldni og samstöðu eru pólitíkusarnir vondir í skapinu.

Ástand efnahagsmála er hrikalegra en svo að tólf manna ríkisstjórn ráði við það. 34 manna þingmeirihluti tveggja stjórnmalaflokka dugar heldur ekki til. Þegar viðfangsefnið er að búa svo um hnúta að nú og eftirleidis verði lífvænlegt á Íslandi þarf allar hendur á árararnar.

Ástand efnahagsmála er hrikalegra en svo að tólf manna ríkisstjórn ráði við það

Meðal verkefna er að gera bankana eins vel starfhæfa og mögulegt er, fjalla um skuldir heimilanna, ráðast gegn atvinnuleysinu, styrkja starfsumhverfi fyrirtækjanna, leysa Icesave-deiluna, bæta stöðu sveitarfélaga, ræða aðkomu lífeyrissjóða að endurreisninni, afla lánsfjár í útlöndum, spara stórlega í ríkisrekstrinum, styrkja krónuna og endurhugsa tekjuöflun ríkisins, svo eitthvað sé nefnt.

Svo þarf að hafa í huga að margvíslegar afleiðingar ástandsins eru fjarri því komnar í ljós. Á næstu mánuðum og árum mun þjóðin líklega glíma við félagsleg og heilsufarsleg vandamál af áður óþekktri stærðargráðu. Undir það þarf að búa félags- og heilbrigðiskerfið.

Þá er réttarfarshliðin ónefnd en stjórnmalamenn verða að gæta að því að rannsóknir, ákæru og dómsmeðferðir gangi eðlilega fyrir sig. Líka refsingar ef og þegar þar að kemur.

Það er sem sagt mikið að gera á pólitískum vettvangi og verkefni geipilega mikilvæg.

Við þessar aðstæður er ekki rúm fyrir hefðbundið pólitískt þras. Stælar og skens verða að víkja fyrir viljanum til að vinna saman að lausnum. Hvíla þarf alla tilburði sem ekki eru til annars en að fella pólitískar keilur. Þeir sem ekki treysta sér til að vinna þvert á flokkslínur þurfa að segja sig frá verkinu og kalla til varamenn. Flokksformenn þurfa að sýna gott fordæmi. Bæði í röðum stjórnarliða og stjórnarandstæðinga.

Með þessu er ekki átt við að allir eigi að vera sammála heldur er bent á þörfina fyrir endurnýjað hugarfar og ný vinnubrögð. Og stjórnmalamenn eru vinsamlegast beðnir um að hætta að vera svona vondir í skapinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmasdóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Sumarleikur Skeljungs:

Þú gætir unnið
30.000 kr.
inneignir í sumar!


Vörumerki Shell eru notað af Skeljungi með leyfi Shell Brand International AG.



FRÁ DEGI TIL DAGS

Ef Jón lifði

Íslendingar standa andspænis stórum vanda og þurfa fyrir vikið að svara knýjandi spurningum. Til dæmis: Í hvaða flokki væri Jón Sigurðsson ef hann væri á lífi í dag? Sturla Böðvarsson sagði í Þjóðhá-tíðarræðu á Hrafnseyri að líklega væri hann í Sjálfstæðisflokknum. Einhverjir hafa þó orðið til að mótmæla og ljóst að þetta mál þarf að ræða betur þar til endanleg niðurstaða fæst. Í leiðinni væri kannski hægt að skera endanlega úr um hvort Jón Sigurðsson borðaði frekar Hlöllabáta eða Nonna-báta væri hann á lífi í dag.



„Björtustu“ Íslendingarnir

Þá er það spurningin um hverjir séu líkastir Bjarti í Sumarhúsum. ESB-sinnar ganga að því sem visu að „Bjartastir“ séu þeir sem eru á móti ESB-aðild. Hallur Hallsson tók hins vegar annan pól í hæðina í Hrafnþingi á dögunum, og telur þvert á móti að þeir sem eru hlyntir ESB-aðild séu eins og Bjartur í Sumarhúsum. Hér þarf að velja við hverjum steini áður en botn er fenginn í málið. Kannski Halldór Guðmundsson og Hannes Hólmsteinn Gissurarson verði fengnir til að kveða upp úr um hver sé mesti Bjarturinn í Kastljósi við tækifæri?

Þingmannalíf

Þá náðu umræðurnar á Alþingi nýrri dýpt í gær þegar Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Framsóknarflokksins, deildu um hvort frumvarp til laga um bankasýslu ríkisins minnti meira á skáldsögu eftir Franz Kafka eða Milan Kundera. Áður en niðurstaða fékkst í það mál steig Tryggvi Þór Herbertsson í pontu og blandaði Carlo Collodi, höfund Gosa, í leikinn. Þessi atburðarás er helst farin að minna á mynd eftir Þráinn Bertelsson. Spurning hver sé Þór og hver Danni.

bergsteinn@frettabladid.is



Efnahagslegt heilsuleysi

Þegar Sesselja Sigmundsdóttir, stofnandi Sólheima í Grímsnesi, var að alast upp á Brúsa-stöðum í Þingvallasveit kom farandkennari á veturna, bjó á heimilinu um hríð og kenndi börnunum. Þetta var ung kona, Unnur Vilhjálmsdóttir, afbragðs-kennari og í miklum metum hjá fjölskyldunni. Þegar Sesselja ákveður að stofna heimili fyrir munaðarlaus börn og koma þeim til manns, fer hún utan til að afla sér þekkingar og reynslu og biður föður sinn að fylgjast með ef gott jarðnæði losnar í nágrenni Reykjavíkur meðan hún er erlendis, því hún ætlar að stunda búskap. Hún skrifar gamla kennaranum sínum um hagi sína og framtíðaráform, og Unnur svarar um hæl, samgleðst henni og hvetur til dáða. „Lærðu það sem veitir þér atvinnu og peninga, svo að þú þurfir ekki að vera upp á aðra komin, svo þú getir verið sjálfstæður borgari, hvort heldur er karl eða kona.“ Þetta var árið 1927.

Þessi framsýni kennari kveðst ekki komast suður eins og fyrirhugað hafi verið vegna veikinda, en biður Sesselju að orða það ekki við neinn: „Því ég vil ekki vera í hvers manns munni lasin!“ skrifar hún.

Virðing og vorkunnsemi

Unnur hefur bersýnilega verið læs á mannlegt eðli og samfélagshæðun, þar sem hinn sterki nýtur virðingar en sá veiki vorkunnar. Oft samúðar og samkenndar, en vorkunnsemin er yfirleitt ekki langt undan. Og hver vill láta vorkenna sér? Varla



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR
Í DAG | Samlynd þjóð
eða sundurlynd

margir. Virðing og vorkunnsemi eru sjaldan samstíga.

En ekki verður við öllu séð. Nú erum við Íslendingar í hvers manns munni lasnir, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Fjárhagslegt heilsuleysi þjóðarinnar vekur ýmist undrun, vorkunnsemi eða reiði annarra þjóða. Við ber að Íslendingar á erlendri grund kjósi að leyna þjóðerni sínu, og er það nýmæli, svo ekki sé meira sagt.

Það er hart að missa virðingu annarra þegar eitthvað bjátar á, en verra ef sjálfsvirðingin er ekki nógu sterk til að standa það af sér. Öllum líður best umvafðir velvilð og virðingu, það segir sig sjálft, en aldrei verður of oft á það minnt, að sá sem sækir sjálfsvirðingu sína og sjálfstraust í álit annarra er á hálum ís. Það er eins og að afhenda öðrum fjarstýringu að eigin líðan og láni.

Framtíðarsýn

Hvernig erum við svo að höndla þetta efnahagslega heilsuleysi og fylgikvilla þess?

Svona og svona, er það ekki? Stjórnmalamenn eru að tapa trausti með því að taka ekki

þjóðina með sér í þennan flókna leiðangur, þó að henni sé ætlað að fjármagna hann. Hafi áður verið gjá milli þings og þjóðar, hefur hún breikkað ef eitthvað er. Flestir laga sig að breyttum aðstæðum, draga saman, og lífið hefur sinn vanagang, en allt of margir eiga þess ekki kost. Mæðarhjal á Alþingi og í fréttaviðtölum hjálpar því fólki ekki neitt. Ungt fólk flytur unnvörpum til útlanda ef það á þess kost. Ungur maður sem ég þekki flutti til Noregs með fjölskyldu sína fyrir nokkrum mánuðum, og fékk þar góða vinnu og fint húsnæði. Hann kom til landsins í nokkra daga og fannst allt vera við það sama. „Það er ótrúlegt frelsi að vera laus við þessa umræðu,“ sagði hann með áherslu.

Ætla má að við náum vopnum okkar og virðingu í augum umheimsins smám saman á næstu árum ef vel tekst til, en þangað til verður eflaust þungt undir fæti. Spurningin er hins vegar hvort bærileg eining eða ósættanlegt sundurlyndi verður með þessari þjóð, sem allir eru að tala um. Þessari þjóð, sem er svo auðug og lángefin á mörgum sviðum, en skortir annað. Til dæmis skilning á þeim sannindum, að sá sem á lítið er ekki fátækur, heldur hinn, sem fær aldrei nóg.

Núna skiptir mestu að horfa fram á veginn. Fá skýra framtíðarsýn sem þessi fámenna og þrasgefna þjóð getur sameinast um. Það er búið að tala, skrifa og rífast nóg um það sem líðið er. Nú er komið að því að rífa sig upp úr farinu, því að fortíðin er til að læra af – ekki til að lifa í!

Ferðamennska á hálendinu

UMRÆÐAN

Siv Friðleifsdóttir skrifar um umhverfismál

Þann 15. júní var lögð fram þingsályktunartillaga á Alþingi um að unnin verði landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálendinu, þannig að unnt sé að taka vel á móti ferðamönnum á hálendinu án þess að ganga of nærri því. Höfundur er fyrsti flutningsmaður en þingmenn úr öllum flokkum eru meðflutningsmenn.

Ferðamönnum á Íslandi fjölga ört. Í ár er reiknað með smávægilegri fækkun vegna efnahagsþrenginga á alþjóðavettvangi en líklega fjölga ferðamönnum aftur strax á næsta ári. Síðustu fimm ár hefur erlendum ferðamönnum hér fjölgað um 9,8% á ári. Um 502.000 ferðamenn sóttu landið heim árið 2008. Miðað við áframhaldandi aukningu má vænta þess að yfir ein milljón erlendra ferðamanna sæki landið heim upp úr 2016. Jafnframt er líklegt að Íslendingar kjósi í auknum mæli að ferðast innanlands næstu ár. Til að hægt sé að taka á móti þessum fjölda án þess að skemma viðkvæma náttúru eða upplifun ferðamannanna er mikilvægt að kanna þolmörk ferðamannastaða. Slíkar kannanir hafa verið unnar að einhverju leyti, en auka þarf allt rannsóknarstarf á þessu sviðið.



SIV
FRÍÐLEIFSDÓTTIR

Í ferðaþjónustu er Ísland kynnt á grundvelli hreinnar óspilltrar náttúru þar sem saman fer sérstætt og fjölbreytilegt landslag og ósnortin víðerni. Kannanir Ferðamálastofu sýna að 76% erlendra ferðamanna koma til að upplifa íslenska náttúru. Í Háskóla Íslands hefur verið lagður grunnur að kortlagningu ósnortinna víðerna. Fyrstu niðurstöður sýna að 42% landsins flokkast til ósnortinna víðerna, og þá er ekki tekið tillit til raflína Landsnets nema að litlu leyti þar sem slík gögn eru ekki aðgengileg. Samkvæmt þessari flokkun eru ósnortin víðerni án jökla innan við 31% landsins. Því er brýnt að huga vel að þessum landsvæðum svo sérstaðan glatist ekki.

Gert er ráð fyrir að framangreind landnýtingaráætlun verði unnin undir forustu iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Við vinnslu hennar skal hafa samráð hagsmunaaðila í greininni. Einnig er nauðsynlegt að leita til sérfræðinga, svo sem í ferðamálafræðum, við undirbúning og vinnslu áætlunarinnar. Æskilegt væri að klára vinnslu hennar fyrir árslok 2015. Ferðaþjónustan skilar vaxandi gjaldeyristekjum í þjóðarþúið og námu þær um 110 milljörðum króna á síðasta ári. Gjaldyrstekjur Íslands það ár skiptust þannig að 29,7% voru af stóriðju, 26,3% af sjávarafurðum og 16,9% af erlendum ferðamönnum. Það er því til mikils að vinna.

Höfundur er alþingismaður.

til
afgreiðslu
af lager

omega
CREATIVE BATHROOM-FURNITURE


SUMAR-
TILBOÐ!

Eitt flottasta úrval landsins


Mikið úrval fyrir öll baðherbergi




WLU 06A
Hvitt háglans
Settið: **79.900,-** stgr.



CT - 95
Hvitt háglans
Settið: **89.700,-** stgr.



CT - 85
Hvitt háglans
Settið: **76.700,-** stgr.




CT - 75
Hvitt háglans
Settið: **69.900,-** stgr.




SUMAR-
TILBOÐ!

CT - 55
Hvitt háglans
Settið: **59.900,-** stgr.



WLU 125
Hvitt háglans
Settið: **37.900,-** stgr.



WLU 125
Eik
Settið: **37.900,-** stgr.



WLU 126
Hvitt háglans
Settið: **38.900,-** stgr.



WLU 126
Eik
Settið: **38.900,-** stgr.

SUMAR-
TILBOÐ!

til
afgreiðslu
af lager

Handlaugaskápar

Neðri skápur



3 stærðir
VERÐ FRÁ:
24.900,- stgr.
VERÐ ÁÐUR kr. 53.791.-



WLU 147B
Hvitt háglans
38.900,- stgr.



WLU 126B
Hvitt háglans
32.900,- stgr.



WLU 126B
Eik
32.900,- stgr.



WLU 125B
Eik
31.900,- stgr.



CT - 75B
Hvitt háglans
45.900,- stgr.

Stærðir:
60x48 sm
70x48 sm
90x48 sm

WLU 600 - 900

Innifalið í verði er skúffuskápur m/mjúklökun
borðplata, höldur og ljóskappi

EKKI INNIFALIÐ Í VERÐI: HANDLAUG, SPEGILL,
BLÓNDUNARTÆKI, LJÓS OG TAPPASETT

www.i-t.is

SUMAR-
TILBOÐ!

INNRETTINGAR
& TÆKI

- fyrir þitt heimili

Opðir virka daga frá kl. 09 - 18 • laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



Hjartkær móðir mín,
Lýdía Bergmann Þórhallsdóttir
Ásvallagötu 42, Reykjavík,

lést þann 18. júní á Landakotsspítala.

Magnús Bergmann Ásgeirsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ragna Klara Björnsdóttir
Blikahólum 2, Reykjavík,

andaðist á Vífilsstöðum þann 19. júní síðastliðinn. Jarðarförin auglýst síðar.

Kristjana Sæunn Ólafsdóttir Kristján Jónsson
Guðbjörn Karl Ólafsson Guðný Ólög Þorvaldsdóttir
Þorbjörg Ólafsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Þórey Guðmundsdóttir
Hrísateig 17, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 20. júní. Útför auglýst síðar.

Steinnun Skúladóttir Jón Gunnar Kristinsson
Guðmundur Skúlasen Gunnar Davíð Gunnarsson
Kristinn Svanur Jónsson
Kolbrún Ósk Jónsdóttir Bjarki Már Sverrisson
Þórey Jónsdóttir Svavar Ingþórsson
og langömmubörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Björn Björnsson
fyrirverandi póstmestari í Reykjavík, til heimilis að Sléttuvegi 19, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala í Kópavogi þriðjudaginn 16. júní. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 24. júní kl. 13.00. Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnst hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Jóna Finnbogadóttir Guðrún Káradóttir
Þórhalla Björnsdóttir Aðalheiður Matthíasdóttir
Björn Björnsson
Sigurður Björnsson
Jón Ingi Björnsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæra dóttir, móðir, amma og systir,
Margrét Gísladóttir

verður jarðsöngin frá Garðakirkju miðvikudaginn 24. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Hjúkrunarþjónustuna Karitas.

Jónína J. Ward
Jón Hilmar Hálfðanarson
Júlíus Atli Hálfðanarson
Kara Rún Margrét Júlíusdóttir
Tera Rún Jónunn Júlíusdóttir
Jón Gíslason
Júlíana Gísladóttir
Ólafur Gíslason
Þuríður Gísladóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og fösturfaðir,
Guðmundur Jónsson
Mávahlíð 7,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 20. júní. Jarðarförin auglýst síðar.

Jón Guðmundsson Guðrún Sigurbjörnsdóttir
Viðar Guðmundsson
Guðmundur H. Jónsson
Sigurbjörg Jónsdóttir
Þórir Skúlasen
Júlíus Skúlasen



Ástkær föðurbróðir okkar,
Oddur Magnús Ólafsson

lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 15. júní. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 24. júní kl. 13.00.

Atli Þór Þorvaldsson
Júlíana P. Þorvaldsdóttir
Guðbrandur Þór Þorvaldsson
Siggeður Þorvaldsdóttir
og fjölskyldur.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Sigurþór Ísleiksson
Hábergi 7, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá kirkju Óháða safnaðarins fimmtudaginn 25. júní kl. 15.00.

Ásdís Sigurþórsdóttir Grétar Indriðason
Svanfríður Sigurþórsdóttir Bjarki Bjarnason
Þóra Sigurþórsdóttir Ívar Bergmundsson
Fanný Sigurþórsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Áslaug Þorsteinsdóttir
Dvalarheimilinu Hlíð, áður Helgamagrástræti 12, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 16. júní. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 24. júní kl. 10.30. Blóm vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Minningarsjóð Kvenfélagsins Hlífar á Akureyri.

Ingigerður Traustadóttir Hákon Guðmundsson
Jófríður Traustadóttir Þórður Th. Gunnarsson
Alda Traustadóttir Ármann Búason
Árni Þór Traustason Fjöla Guðmundsdóttir
og fjölskyldur.



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,
Halldór Kristinn Vilhelmsson
söngvari og trésmíður, Furulundi 10 Garðabæ,

lést aðfaranótt 17. júní. Útför hans verður frá Víðalínaskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 25. júní kl. 13.00.

Áslaug Björg Ólafsdóttir Stefánía Adolfsdóttir
Sigurður Halldórsson
Hildigunnur Halldórsdóttir Örn Magnússon
Marta Guðrún Halldórsdóttir
og barnabörn.

JÓN MAGNÚSSON (16. JANÚAR 1859 – 23. JÚNÍ 1926) LÉST Á ÞESSUM DEGI.

„Framkvæmd hans og aðgerðum í því máli er þannig háttað, að það orkar ekki tvímælis, að þó að hann hefði ekki neinu öðru til leiðar komið, þá ætti hann sæti meðal hinna allra fremstu og þörfustu stjórnmálamanna þessa lands.“

Jón Magnússon var forsætisráðherra í fyrstu samsteypustjórninni árið 1917. Ofangreint sagði hann um Hannes Hafstein.



tímamót

timamot@frettabladid.is



EINSTÖK SÝNING Í HAFNARBORG Ingunn Wernersdóttir, Gunnar Dung-al og fleiri listaverkasafnarar sýna brot af stórfenglegum listaverkasöfnum sínum á sýningu sem verður opnuð í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SVERRIR MAGNÚSSON: HEFÐI ORÐIÐ 100 ÁRA

Þekktir safnarar

Á morgun verður opnuð sérstæð listaverkasýning í Hafnarborg þar sem þjóðþekktir safnarar gefa innsýn í sín persónulegu listaverkasöfn. Þau Gunnar Dung-al og Þórdís Alda Sigurðardóttir, Bragi Guðlaugsson, Sverrir Kristinsson og Ingunn Wernersdóttir eiga öll listaverkasöfn sem myndu hvert og eitt bera uppi heila sýningu en öll gefa þau sýningargestum kost á smá „bragðsýni“ af söfnunum. Sýningin ber yfirskriftina Safn(arar) og tilefnið er að 100 ár eru liðin frá fæðingardegi Sverris Magnússonar. Ásamt eiginkonu sinni, Ingibjörgu Sigurjónsdóttur, lagði Sverrir grunninn að Hafnarborg þegar þau gáfu Hafnarfjarðarkaupstað hús Hafnarborgar og veglegt listaverkasafn sitt. Á sýningunni verða einnig sýnd verk úr því safni.

„Það er ekki algengt að fólk veiti aðgang að safneignum sínum og það gladdi mig því mikið hve vel þau tóku í að sýna brot af listaverkaeign sinni,“ segir Ólög og útskýrir hvernig söfnin eru ólík. „Sverrir Kristinsson á fjölbreytt safn og mörg verk eftir frumkvöðlana en mér finnst falleg náttúrusýn áberandi í hans safneign. Hann á líka nokkuð af verkum eftir frægu móðernistana. Bragi á sömuleiðis gott frumkvöðlasafn, Júlíönu Sveinsdóttur og glæsilegt safn verka eftir Þorvald Skúlasen og Karl Kvaran. Þórdís Alda og Gunnar Dung-al eiga mjög fjölbreytt og stórt safn en það er áberandi hvað þau hafa safnað sterkum verkum frá síðustu árum og má segja að þau eigi margar af perlum samtímans. Ingunn á svo yngsta safnið en hennar elstu verk eru frá því um 1970 eftir Hörð Ágústsson. Annars eru verkin eftir samtímalistamenn og verk sem fólk myndi almennt ekki ætla að væru í einkaeigu, svo sem innsetningar, vídeólistaverk og slíkt.“

En eiga Íslendingar marga listaverkasafnara? „Já, ég held að við eigum fleiri en við vitum um. Fólk er ekki mikið að flíka þessari áráttu og maður veit ekki alltaf hverjir eru að safna. Það er gaman að geta minnst Sverris Magnússonar á þennan hátt og kynnast einstaklingum sem standa í sömu sporum og hann stóð nú í dag.“ Þess má geta að á morgun verða pallborðsumræður klukkutíma áður en sýningin verður opnuð, eða klukkan 16, þar sem safnararnir sem sýna í Hafnarborg ræða um söfnun sína.

juliam@frettabladid.is



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Reynir Bergmann Pálsson
byggingameistari, Háabæ 36, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 21. júní. Jarðarför auglýst síðar.

Valborg Sigurbergsdóttir Guðrún Eiðsdóttir
Páll Bergmann Reynisson Lilja Ruth Michelsen
Grétar Reynisson
Sóley Reynisdóttir
Sigurður Jóhannesson
barnabörn og barnabarnabörn.



ARCTIC OPEN er alþjóðlegt golfmót sem hefur fest sig í sessi og verður haldið dagana 25.-27. júní á Akureyri. Mótið hefst á fimmtudag með skráningu keppenda og opunarhátíð þar sem boðið er upp á hlaðborð með norðenskum veitingum. Nánar á www.arcticopen.is.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Oxyal™ Augndropar

Við þurrki, þreytu og ertingu í augum.
Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.

Fæst í apótekum

Vertu liðtækur

Glucomed 625 mg

Glucomed inniheldur glúkósamín

Ekki má nota Glucomed:
- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnunum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.

Tvær töflur á dag til að draga úr einkennum.

Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið



Magnús reynir að halda sér í góðu formi allan ársins hring en þannig liður honum best.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tók ekki nema 25 ár að komast í toppform

Magnús Bess Júlíusson varð Norðurlandameistari í vaxtarækt í haust og landaði tólfta Íslandsmeistaratitlinum fyrir skemmstu. Nú er hann á leið á Evrópumót öldunga og hefur aldrei verið í betra formi.

Vaxtaræktarmaðurinn Magnús Bess Júlíusson er að skriða í fertugt en stendur engu að síður á hátindi ferilsins. Síðan í haust hefur hann landað þremur titlum auk þess sem hann var valinn íþróttamaður ársins innan IFBB alþjóðasambandsins.

„Í haust náði ég langþráðu markmiði mínu og varð Norðurlandameistari í -100 kg flokki í vaxtarækt og um páskana kom tólfti Íslandsmeistaratitillinn í opnum flokki í hús. Í næstu viku liggur svo leiðin á Evrópumót öldunga sem fer fram í Rúmeníu og síðan stefni ég á heimsmeistaramót í haust,“ segir Magnús.

Hann segir menn gjarnan toppa í vaxtarækt á milli fertugs og fimmtugs og að öldungaflokkar séu oft ekki síðri en yngri flokkar. „Það tekur bara þennan tíma að ná upp svona skrokki. Ég byrjaði að lyfta fimmtán ára og er í mínu besta formi nú svo þetta hefur ekki tekið nema 25 ár,“ segir hann og hlær.

En hvernig er að halda sér við? „Það er lítið mál. Þetta er bara eins og að mæta í vinnuna. Að öllu jöfnu æfi ég í rúman klukkutíma á dag en fyrir mót fjölgar æfingunum í þrjár. Þá legg ég mikla rækt við mataræðið en það skiptir gríðarlega miklu máli. Ég miða

við að innbyrða 2.500 kaloríur sex daga vikunnar en leyfi mér einn sprendigdag í viku og fer þá upp í nærri 5.000. Ég fer þó ekki í neitt ruslfæði en fæ mér til dæmis allt af ís. Hina dagana er ég mikill laxmaður enda er hann fullur af hollri fitu og próteinum en svo eru þetta brún hrísgrjón, grænmeti, ávextir og annað í þeim dúr.“

Magnús segist reyna að halda sér í góðu formi allan ársins hring enda liður honum best þannig. „Þá þarf ég heldur ekki að breyta miklu ef mót eru á næsta leiti.“ Hægt er að fylgjast með gengi Magnúsar á slóðinni www.vodvafikn.net. vera@frettabladid.is

LYFJA
- Lífið heil

15% afsláttur⁺
VOLTAREN 11,6 mg/g Gel, 50 g.

15% afsláttur⁺
NICOTINELL munnsogstöflur.

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir út júní 2009

BÖRN ættu samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar að hreyfa sig að lágmarki klukkustund á dag. Gönguferðir um hverfið í fylgd foreldra eða útileikir eru þar gott innlegg.



Tilbúið til notkunar!

Rodalon®
– alhliða hreingerning og sóttþreinsun

- Fyrir baðherbergi og eldhús
- Eyðir lykt úr íþróttafatnaði
- Vinnur gegn myglusveppi
- Fjarlægir óæskilegan gróður
- Eyðir fúkka úr tjöldum

Fæst í apótekum

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



Ætíhvönn er íslensk lækningajurt.
NORDICPHOTOS/GETTY

Mikilvæg fyrir minnið

SagaMemo er nýleg vara úr íslenskum lækningajurtum sem virðist geta unnið gegn minnistapi. Hún er í fljótandi formi og framleidd af SagaMedica.

Sýnt hefur verið fram á að efni í íslenskri ætíhvönn og blágresi dragi úr niðurbroti á boðefninu Acetylcholin sem er mikilvægt fyrir minnið. SagaMemo jurtaveig er framleidd úr þessum tveimur jurtategundum með 45 prósent alkóhóli. Virknin er sú sama og flestra þeirra lyfja sem notuð eru í dag sem meðferð við Alzheimer-sjúkdómnum. Mixtúran inniheldur lífvirk efni sem stuðla að vöðvum æða og auknu blóðstreymi og þar með lækun blóðþrýstings. Einnig eru efni í hvönn sem draga úr bólgum.

SagaMemo mixtúran er tekin inn með teskeið. Þeir sem vilja forðast alkóhól geta sett hana í fimm mínútur í bolla af sjóðandi vatni og þá gufar alkóhólið upp.

- gun



Ari Halldórsson í nýju húsnæði í Skúlatúni 2 sem verið er að standsetja.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einföld tækni

Áhugi á innhverfri íhugun hefur blossað upp meðal Íslendinga eftir að David Lynch kvikmyndaleikstjóri var hér á ferð í vor.

„David vill að sem flestir Íslendingar leggi fyrir sig innhverfa íhugun og stuðli þannig að samstillingu í þjóðarvitundinni. Því hefur hann gefið þjóðinni þrettán milljónir til niðurgreiðslu námskeiðsgjalda,“ segir Ari Halldórsson, einn af kennurum Íslenska íhugunarfélagsins. Þegar hafa um 600 manns skráð sig á námskeið á www.ihugun.is. Þau verða á kvöldin og um helgar og hefjast væntanlega 3. júlí í nýju húsnæði að Skúlagötu 2. „Við ætlum að kenna öllum þessum 600 en þeir komast ekki allir að í einu. Við getum kennt svona fimmtíu á viku og eftir það mætir fólk í einkatíma í sex mánuði.“

- gun

„Mundu að þú hefur alltaf val um að líta jákvætt eða neikvætt á hlutina. Jákvætt hugarfar og viðhorf stuðlar að eigin andlegri vellíðan og hefur einnig jákvæð áhrif á alla sem umgangast þig.“

Heilsuboðorðin tíu úr bókinni 500 hollráð

teg. 76431 - mjúkur og mjög fallegur í CD skálum á kr. 3.950,- flottar boxer boxur í stíl á kr. 1.950,-

teg. 810858 - létt fylltur og glæsilegur í BC skálum á kr. 3.950,- boxur í stíl á kr. 1.950,-

teg. **Amelie** - virkileg og haldgóður í D,DD, á kr. 9.990,-

Verð 6.885 kr.

Verð 5.885 kr.

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opíð: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

KRIYA YOGA

KYNNINGARFYRIRLESTUR UM KRIYA YOGA
Rajarsi Peter van Breukelen heldur fyrirlestur
26. júní kl. 20 (sal Róðarinnar, Bolshoi 4, 4 h.t.)
Fyrirlesturinn er öllum opin og endurgjaldlaus.

NÁMSKEIÐ
27. - 28. júní verður haldið námskeið þar sem Kriya Yoga-tæknin er kennd. Námskeiðið fer fram í Yoga-stöðinni Heilsubót, Söðmúla 15. Þetta er tækifæri sem áhugasólk um Yoga og andleg fræð vill ekki missa af.

FLOTT Í SUMAR...
með Slendertone
dömu/herra belti

Flex Max kr. 24.900,-
Flex kr. 19.950,-
System kr. 29.900,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 • S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - fri heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Starfsfólk óskast

Rammagerðin - Iceland Giftstore leitar að kröftugu og áhugasömu starfsfólki með góða tungumálakunnáttu í verslanir sínar í Hafnarstræti 19 og Skólavörðustíg 8.

Áhugasamir hafi samband við Hilmar Má Aðalsteinsson rekstrarstjóra Iceland Giftstore, sími 691 7746, hilmar@rammagerdin.is

Auglýsingasími
512 5473

ALLT

Takk!

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Pröstur Jón Sigurðsson hefur bætt við aðstöðu Sporthússins til að anna eftirspurn.



Heimsóknir hefur fjölgað í Heilsuakademíuna. Forsvarsmenn hennar telja fólk vera meðvitaðra um mikilvægi andlegrar og líkamlegrar heilsu en áður.

FRÉTTABLAÐID/ARNÞÓR

Meiri aðsókn og bætt nýting

Aðsókn á líkamsræktarstöðvar hefur aukist til muna síðustu mánuði. Dæmi eru um að heimsóknir á stöðvar hafi allt að þrefaldast miðað við sama tíma í fyrra og víða er fullbókað hjá einkaþjálfurum.

„Það er brjáláður vöxtur hjá okkur. Til marks um það má nefna að fjöldi heimsókna á stöðina hefur þrefaldast það sem af er ári miðað við sama tíma í fyrra,“ segir Pröstur Jón Sigurðsson, eigandi Sporthússins í Kópavogi, þar sem aðsókn hefur stórkaukt síðustu mánuði. Pröstur tekur sem dæmi að tiltekin gerð líkamsræktarkorta hafi selst í fjórföldu upplagi undanfarið sam-
anborið við síðasta ár.

Aukin aðsókn einskordast þó ekki við Sporthúsið. Þannig segja talsmenn annarra stöðva heim-
sóknnum hafa fjölgað til muna frá áramótum. Þeirra á meðal er Íris Huld Guðmundsdóttir, rekstrarstjóri og yfirleiðbeinandi hjá Heilsuakademíunni. „Ég tel ástæðuna vera aukna meðvitund um mikilvægi líkamlegrar og and-
legrar heilsu, sem er afar dýrmæt á tímum sem þessum. Utanlands-

ferðir og annar munaður hefur dregist saman og það er augljóst að fólk er farið að eyða meiru í sjálft sig.“

Hóptímar hvers kyns njóta mikilla vinsælda og einkaþjálf-
arar eru sums staðar fullbókaðir út árið. Eigendur líkamsræktar-
stöðva hafa brugðist við aukinni aðsókn með ýmsu móti. Hóptím-
um hefur víða verið fjölgað og fleiri einkaþjálfarar ráðnir til starfa. „Okkar aðalþjálfarar hafa meira en nóg að gera. Við réðum tvo nýja einkaþjálfara til okkar í síðustu viku,“ segir Linda Björk Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Hress heilsuræktar, um þessa þróun. Í Sporthúsinu fóru menn þá leið að bæta við aðstöðuna til að anna eftirspurn.

„Við erum að bæta við nýrri hæð hjá okkur um þessar mundir. Þarna verða tveir nýir, stórir eróbikk-
salir, þar sem alls kyns spennandi

tímar verða í boði,“ segir Pröstur. Stækkunin nemur 400 fermetrum. „Í raun má segja að verið sé að stækka líkamsræktarsvæðið í húsinu í heild um 1.000 fermetra, þar sem inniæfingasvæði fyrir golf verður lagt niður. Það stóð því miður ekki undir sér. Í staðinn koma þrír nýir salir, svo saman-
lagt verða þeir fimm talsins.“

Þá segjast forsvarsmenn stöð-
anna hafa orðið varir við breytta kauphegðun hjá viðskiptavinum. „Mikil aukning hefur orðið í aðhaldsnámskeiðum fyrir hópa, enda mjög hagkvæm leið til að fá mikið aðhald,“ segir Ágústa John-
son, hjá Hreyfingu. Pröstur segir orðið mun algengara að fleiri en einn komi saman í einkaþjálfun. „Fólk greiðir nú líka frekar mán-
aðarlega af kortunum í stað þess að staðgreiða þau. Svo er það miklu duglegra að nýta kortin sín en áður.“

roald@frettabladid.is

Áhugaverð kynning
Allir velkomnir!

Góðir tekjumöguleikar
greitt í evrum.

JenFe heilsudrykkurinn
náttúruleg og heilbrigð leið
til aukinnar orku og
betri einbeitingar.

Hefur slegið í gegn í Bandaríkjunum
Bretlandi og víðar.
Orkuskiot sem virkar!

Kynntu þér málið

Kynningarfundur kl. 20:00 í kvöld
(Þriðjudag) Hótel Örkin, Brautarholti 29.

ef óskað er nánari upplýsinga er hægt
hafa samband við Hebu í síma 6944640
www.ultra.is

vísir.is

“...ég sá það á vísi”

40% afsláttur
af sóttum pizzum
frá 23. júní - 30. júní

Ekta eldbakaðar pizzur
eins og þær eiga að vera

Alltaf
ferskasta
hráefnið
sem völ er á

Sími: 577-3333
Dalvegur 2, 201 Kóp.
Opð alla daga 11-01

www.castello.is

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar
vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn
er opinn alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI



Nýtt 2009 Hobby 560 KMFE frábært
koju hús á góðu verði sjá myndir www.
bilasalaislands.is til afhendingar í dag
uppl. S 510-4900, 896-9693, 896-1337

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
896 1337 / 896 9693
www.bilasalaislands.is



Einstakt tækifæri!!!

Til sölu nýtt og glæsilegt heilsárhús á
besta stað í Borgarfirði! Stærð 60m2
með 20m2 svefnlofti. Ásett verð 17.9m.
Skipti möguleg. Frekari upplýsingar í
síma 899-3715.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug.
12-16.
www.bilalif.is



HÖFÐABÍLAR
...þor sem bíllar seljast



TABBERT DAVINCE 700KD. KOJUHÚS
. Ágerð 2006, Aldikefti hiti í gólfi,
sólarsella og fleira. Verð 3.850. þús
Rnr.102062

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is



**Vantar bíla á skrá og á staðinn. Góð
Bílasala.**

Bifreiðasalan
Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is

Til sölu

Óska eftir
Toyota Landcruiser 200 Dísel til kaups.

10.000.000 kr.
staðgreitt fyrir
rétta bilinn.

Uppl. gefur Hilmar
í s. 824 2884



Pit Bike 125cc Xmotos 2 litir Verð
180,000.- Tilboð 149.000.-



Dirt bike Xmotos 250cc 2 litir, stillanleg-
ir demparar, framan og aftan upp side
down verð 278,000.- Tilboð 249.000.-



Vespa Future 125cc 12" dekk 2 litir.
Einstaklega falleg vespa. Verð aðeins
298,000.- með skráningu.



Ótrúleg vespa Admiral 125 cc á 16"
dekkjum sem gefur möguleika að keyra
í mól. Ótrúlegur Kraftur. Til í 2 litum.
Kassi fylgir með. Verð aðeins 358,000.-
með skráningu.



Ítalskt hannaðar vespur 125cc Svartar og
Hvítar verð 298,000.- áður: 335,000.-
með skráningu.



Vespur nýkomnar City Runner Ítalskt
hannaðar 50cc svartar, rauðar, báar,
svartar- silfraðar breiðum 12" dekkj-
um þjófavörn ál plötur á gólfi. Kassi
fylgir með. Verð aðeins 245,000.- með
skráningu.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á
staðnum
www.motorogsport.is



DODGE DURANGO 4WD LIMITED
HEMI, árg. 8/2007, ek. 33þús.km,
350hð, 20" álfelgur, sjálskiptur, Einn
með öllu og stór glæsilegur bíll, Ásett
verð 3990þús.kr,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og
laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Ford Windstar árg. '02 6cyl, ssk., ek.
115þ.m. 7 manna. Sumar og vetrard,
frábær ferðabíll. V. aðeins 980þ. S.
896 1339.



Öflugir farstýrðir bensínbílar í úrvali.
Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587
0600, www.tomstundahusid.is

Galloper árg. '00 ek. 309 þús. Þarfnast
smá lagfæringa. Ásett v. 550 þús. S.
691 5056.

Lexus is200 ek. 140þ. Ný tímareim,
bremsur. V: 1,4m. Til í skipti á Ford
Explorer, s: 8449258

0-250 þús.



Til sölu Opel Vectra arg 2003 ek
79þ, það er búið að fara í skoðun fyrir
2010, bíllinn er í toppstandi verð 820þ
fl upl í síma:8666747

Útsala Útsala!! Mazda 323 '97 3d.,
nýsk., v. 80þ. Renault 19 '96 ágætur bíll,
v. 55þ. S. 821 9887 & 845 4072.

250-499 þús.



Til sölu Nissan Almera,5 dyra, árgerð
01.2000. Ekinn aðeins 101 þ.km
Smurbók alttaf smurður og yfirfarinn á
réttum tíma. Góð sumar og vetrardekk.
S. 859 1119.



Tilboð 280 þ.

Nissan Almera '98, nýskoðuð. Ek. 202
þús. Ný küpling, 1400 vél, 5 dyra. Verð
280 þ. Uppl. í s. 659 3459.



Toyota á 390.000- stgr

Toyota Corolla L/B VVTi árg 2000 ekinn
178 þ km 1.4 vél 5 gir skoðaður 2010
verð 490.000- nú aðeins 390.000-
staðgreitt uppl í síma 861 7600.



VW Golf 1,4 árg 97 ek 165 þús finn bíll
skoðaður verð 320 þús uppl 8255619

500-999 þús.



FIAT DUCATO, 9 manna minibus, árg.
2001, ekinn 63 þús km, vel með farinn,
einn eigandi, verð kr. 790 þús. Uppl.
síma 8255160.

Renault Megane Scenic RX 4.4x4
árg.'01. Skoðaður 10. Gott verð. Uppl
s. 664 5871.

1-2 milljónir



Til sölu Honda VTX 1800 árg.'02, hjólið
er í toppstandi og ríkulega búið auka-
hlutum,ekkert áhvilandi,engin skipti.
gullfallett hjól. uppl. í s: 660-2458
verð 1100 þ

2 milljónir +



R.Rover 4,4 bensín Vouge 2006 ek.
aðeins 54þkm. Toppluga 20" Felgur.
Gott eintak. Verð 7.900.000,- ath skipti
ód. Uppl. í síma 895 5577.



CHRYSLER 300C AWD LIMITED árg.
2007, ek. 17 þús. Innfluttur nýr, með
öllu. Verð 4490 þ. Skoða skipti á ódýr-
ari. S. 895 5577.

Bílar óskast

0-150þ.

Helst ekki eldri en árg. '98. Má þarf-
ast lagfæringar eða skoðunar. S. 659
9696.

Óska e.að leigja kæli/frystirými frá
1.sept-1.mai. Uppl.í síma 8958134.

Óska eftir bíl

Óska eftir bíl fyrir allt að 200.000- stgr.
UNDIR LISTAVERÐI má þarfnast lagfær-
inga ekki eldri en '99 árg. Skoða allt.
Uppl. í síma 861 7600.

Ódýr bíll óskast má þarfnast lagfæring-
ar,má kosta 30 til 70 þúsund. uppl í
síma 8204640.

Jeppar



Til sölu Landcr 100 4,7 08/2006, ek.
38 þ.km. Webasto miðst. og fl. S. 863
4500.

EBERSPACHER, vatns- og hitablasarar
12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar
og varahlutabjónusta. Stilling sími: 520
8000.

Pajero '97 turbo dísel 2.8. 7 manna
ssk., stillanleg fjöðrun, fjaðrandi öku-
mannssæti, upptekin vél. Verð 595þ.
S. 891 9847.

Pallbílar



8 feta hvítt hús kemur af Ford 350.
Tilboð óskast, GSM 892 0544 Jón

Sendibílar



NISSAN ECO T 140

árgerð 2002 Nýskoðaður bíll í góðu
sem hann skoraði, honum leið svo vel á velli,“ sagði Þorgrímur eftir leikinn og bætti við. „Þegar mönnum líður vel innan vallar þá gerast góðir hlutir og ég held að mönnum hafa líðið vel í leiknum. Menn höfðu frelsi til að hlaupa út úr stöðum og hreyfðu sig vel án bolta og það er alltaf erfitt að spila gegn liðum sem leika þannig.“ Eyjamenn voru meira með boltann eftir hlé en náðu ekki að skapa sér afgerandi marktækifæri þó nokkrum sinnum hafi munað mjóu. „Það var gott að setja tvö mörk í upphafi. Eyjamenn eru mjög öflugir eins og sást í seinni hálfleik þegar þeir voru dýrvitausir. Við vitum að 2-0 forysta er ekki mikið og það þarf ekki nema eitt slys til að allt fari í baklás, en mér fannst við spila þétt og öflugt í síðari hálfleik og halda fengnum hlut,“ sagði Þorgrímur. „Við höfum haldið hreinu í nokkra leiki í röð og nú þurfum við að blómstra aðeins betur fram á við og þá er þetta komið.“ „Það er gaman að vera falin einhver ábyrgð og standa undir pressunni en þetta er fyrst og fremst sigur strákanna,“ sagði Þorgrímur að lokum.

-gmi

Sannkölluð sýning í síðari hálfleik

Nágrannaliðin Breiðablik og Stjarnan gáfu áhorfendum peninganna virði með mikilli skemmtun í síðari hálfleik á Kópavogsvelli í gærkvöldi. Eftir að hafa lent undir komu Blikar til baka og sigruðu leikinn, 2-1, með glæsismörkum Alfreðs Finnbogasonar og Kristins Steindórssonar. Stjarnan nú fimm stigum á eftir FH.

FÓTBOLTI Blikar eru komnir á beinu brautina eftir flottan sigur á nágrönnum sínum í Stjörnunni í Pepsi-deildinni í gærkvöldi. Leikurinn var vel leikinn af beggja hálfu en Blikarnir ívið sterkari og áttu sigurinn skilinn þó svo hann hafi verið afar tæpur. Gestirnir úr Garðabæ byrjuðu leikinn betur og stýrðu umferð-inni framan af. Þeim gekk þó illa að skapa sér opin færi en hefðu að ósekju mátt skjóta meira fyrir utan enda virkaði Ingvar Kale taugaóstyrkur í markinu. Blikarnir unnu sér hægt og bitandi inn í leikinn. Klipptu sinn gamla féлага, Steinþór Frey, út úr leiknum og með Arnar Grétarsson og Guðmund Kristjánsson sterka á miðjunni tóku þeir völdin af Stjörnumönnum. Heimaliðinu gekk þó ekkert mikið betur að fá opin færi en gestunum en varnir beggja liða stóðu vaktina afar vel í fyrri hálfleik.



MARKASKORARI Alfreð Finnbogason skor-aði fyrra mark Breiðabliks í gærkvöld en hann hefur verið iðinn við kolann í upp-hafi móts og er kominn með sex mörk.

fyrir utan teig og var ekkert að tvinóna við hlutina heldur þrumaði knettinum í nærskeytin. Algjör-lega óverjandi. „Menn eru eitthvað að tala um að ég sé einhver potari. Ég þurfti að afsanna það. Ég smellið hann og það var ákaflega ljúft að sjá boltann í netinu,“ sagði Alfreð um markið. Blikar voru ekki hættir því Kristinn Steindórsson kom þeim síðan yfir eftir klaufaskap Stjörnu-manna. Aftur klikkaði hreinsun úr teignum, boltinn fór beint í fætur Kristins sem var ekkert sérstaklega vel staðsettur en sá að Bjarni stóð framarlega í markinu. Hann lét vaða og smell-hitti boltann sem sigldi glæsilega upp í fjørhornið. Stjörnumenn seldu sig dýrt undir lokin, sóttu grimmt og freist-uðu þess að jafna. Næst því komst Steinþór er hann átti skot í slána.

Blikar horfa upp á við

„Þetta var ákaflega ljúft. Það er ekki hægt að neita því. Ekkert betra en að lenda undir og koma til baka. Við vissum að við yrðum að vinna þennan leik ef við ætluðum að blanda okkur í efri hlutann sem við ætlum okkur svo sannarlega,“ sagði Alfreð Finnbogason Bliki. Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, var svekktur eftir leik. „Þetta var jafn leikur og sig-urinn hefði getað lent hjá báðum liðum. Við föllum allt of mikið til baka eftir að við skorum en komum úr skelinni aftur en það gekk ekki því miður,“ sagði Bjarni. Breiðablik komst upp um eitt sæti með sigrinum, í það sjöunda, en Stjarnan er sem fyrr í öðru sæti deildarinnar nú fimm stigum á eftir toppliði FH.

henry@frettabladid.is

	2-0	
Valur		ÍBV
Vodafonev., áhorf.: 987		
1-0 Pétur Georg Markan (1.)		
2-0 Ólafur Páll Snorrason (9.)		
TÖLFRÆÐIN		
Skot (á mark) 11-9 (4-4)		
Varin skot Haraldur 4 – Albert 2		
Horn 6-3		
Aukaspjrnur fengnar 15-14		
Rangstöður 3-3		
VALUR 4-4-2	ÍBV 4-5-1	
Haraldur Björnsson 6	Albert Sævarsson 5	
Reynir Leósson 5	Arnór Eyvar Ólafsson 3	
Atli Sv. Þórarinnsson 4	(32., Pétur Rúnólfsson 5)	
Guðmundur Mete 5	Andrew Mwesigwa 2	
Bjarni Ólafur Fírleks 5	(46., Tony Mawejje 6)	
Ólafur Páll Snorrason 4	Eiður Sigurbjörnsson 4	
Baldur Bett 5	Matt Garner 4	
Ian David Jeffs 5	Cristopher Clements 5	
Pétur G. Markan 6	Yngvi Þorgrímsson 6	
(67., Baldur Aðalst. 5)	Andri Ólafsson 6	
*Helgi Sigurðs. 6	Bjarni R. Fírleks 4	
(79., Einar Marteins. -)	(74., Viðar Kjartans. -)	
Marel J. Baldvins. 6	Þórarinn Valdimars. 5	
	Ajay Leitch-Smith 6	
*Maður leiksins		

PEPSI-DEILDIN

STAÐAN:

FH	8	7	0	1	22-6	21
Stjarnan	8	5	1	2	21-11	16
Valur	8	5	1	2	11-8	16
Fylkir	8	4	2	2	14-9	14
KR	8	4	2	2	14-9	14
Keflavík	8	4	2	2	14-2	14
Breiðablik	8	3	2	3	13-14	11
Fram	8	2	2	4	9-10	8
Grindavík	8	2	1	5	10-20	7
ÍBV	8	2	0	6	7-13	6
Þróttur	8	1	2	5	6-18	5
Fjölnir	8	1	1	6	9-20	4

VISA-BIKAR KARLA

Dráttur 16-liða úrslitanna:

Fram - Grindavík
Breiðablik - Höttur
ÍBV - FH
Fylkir - Fjarðabyggð
Valur - KA
Viðir - KR
HK - Reynir Sandgerði
Keflavík - Þór Akureyri
Leikirnir fara fram 5. og 6. júlí.

Sýning í seinni hálfleik

Það var skammt liðið á seinni hálfleik þegar gestirnir náðu forystunni. Bjarni Þórður varði

	BREIÐABLIK	2-1	STJARNAN	
0-1 Arnar Már Björgvinsson (49.)				
1-1 Alfreð Finnbogason (58.)				
2-1 Kristinn Steindórsson (68.)				
Kópavogsvöllur, áhorf.: 1.347				
Jóhannes Valgeirsson (3)				
TÖLFRÆÐIN				
Skot (á mark) 12-15 (6-5)				
Varin skot Ingvar 4 – Bjarni 3				
Horn 9-5				
Aukaspjrnur fengnar 13-12				
Rangstöður 5-2				
Breiðablik 4-2-3-1 Ingvar Þór Kale 5 - Arnór Sv. Aðalsteinsson 5, Guðmann Þórisson 6, Kári Ársæls-son 6, Kristinn Jónsson 6 - Finnur Orri Margeirs. 4, Guðmundur Kristjánsson 7 - Olgeir Sigurgeirsson 5, Arnar Grétars. 7, Kristinn Steindórs. 6 (89., Haukur Baldvins.-) - *Alfreð Finnbogason 7				
Stjarnan 4-3-3 Bjarni Þórður Halldórsson 4 - Guðni Rúnar Helgason 6, Daniel Laxdal 7, Tryggvi Bjarnason 6, Hafsteinn Rúnar Helgason - Björn Pálsson 4, Birgir H. Birgisson 3 (90., Bjarki Páll Eysteins.-), Steinþór F. Þorsteinsson 6 - Arnar M. Björgvinsson 6 (76., Magnús Björgvins.-), Halldór Orri Björns. 4, Ellert Hreins. 2 <i>*Maður leiksins</i>				



ÓLYMPÍUDAGURINN 23. JÚNÍ Í LAUGARDAL



Ert þú næsta stjarna Íslands á Ólympíuleikum? Komdu og kannaðu hvort þú búir yfir leyndum hæfileikum á íþróttasviðinu.

Í tilefni af Alþjóðlega Ólympíudeginum 23. júní býður Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands öllum sem vilja að prófa nokkrar ólympíugreinar undir handleiðslu þrautreyndra þjálfara og landsliðsmanna. Allir sem taka þátt og prófa fá viðurkenningu frá Alþjóða Ólympíuhreyfingunni.

Dagskrá

Fimleikar í Laugabóli: 17:00 til 19:00

Hægt að fylgjast með æfingu og prófa. Finnur þú leynda fimleikahæfileika hjá þér?

Júdo í Laugabóli: 17:00 til 19:00

Velkomið að prófa, kynnst reglunum og ýmislegt fleira.

Frjálsíþróttir Laugardalsvelli: 17:00 til 19:00

Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari sýnir spjótkast og leiðbeinir þeim sem vilja.

Einnig verður hægt að prófa kúluvarp, langstökk og fá mældan tímann á 30 metra spretti.

Skylmingar undir stúkunn í Laugardalsvelli: 18:00 til 19:00

Komdu og kannaðu hvað þú getur gert með sverðinu.

Miðnæturhlaup Powerade hefst kl: 22:00 stundvíslega

Þetta frábæra hlaup hentar fólki á öllum aldri, bæði byrjendum og lengra komnum og hægt er að velja um þrjár vegalengdir:

3 kílómetra skemmtiskokk án tímatöku	kostar – 1.000 kr.
5 kílómetra hlaup með tímatöku	kostar – 1.500 kr.
10 kílómetra hlaup með tímatöku	kostar – 1.500 kr.

Að vanda verður öllum þátttakendum boðið frítt í Laugardalslaugina eftir hlaupið.

Skráning á staðnum frá kl: 18:00

www.isi.is



Taktu þátt og vertu með!

WWW.BREIK.IS/LVK

breik.is

FRUMSÝND 24. JÚNÍ

JAMES CORDEN

MATHEW HORNE

LESBIAN VAMPIRE KILLERS

9. HVER
VINNUR!



**TVEIR VITLEYSINGAR.
FULLT AF LESBÍSKUM VAMPÍRUM.
EIN SVAKALEG NÓTT!**

**SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL LVK Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!**

ADRIÐ VINNINGAR ERU:
TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR, BÍÓMIÐAR,
GOS OG MARGT FLEIRA

SMÁRA BÍÓ

REGNBOGINN

HELKO

Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum. 149 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

> Keri Russell

„Stundum eru það litlu hlutirnir sem geta breytt lífi manns að eilífu.“

Keri Russell leikur í kvikmyndinni *Waitress* sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.



dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON HEFUR GAMAN AF ÞVÍ AÐ HRÆÐAST***Gláphneigð hins almenna borgara*

Í bókinni Um sársauka annarra fjallar bandaríski fræðimaðurinn Susan Sontag um áhrif fréttamynda á áhorfandann sem þekkir sjálfur ekki stríð nema í gegnum þessar myndir. Sontag taldi að nútíma áhorfandi væri nú ónæmari fyrir þeim hörmungum sem við honum blöstu vegna stöðugs áreitis. Vegna þessa verður myndefnið að vera sífellt sjónrænna og hræðilegra ef það á að vekja viðbrögð hjá áhorfandanum. Ég hef velt þessu fyrir mér, sérstaklega í ljósi hryllingsmynda og glæpabátta. Í gömlum hrollvekjum var spennan byggð upp hægt og rólega og var lítið um mjög blóðug atriði. Þetta breyttist hins vegar með komu „splatter-kvikmyndanna“ svokölluðu sem komu fram á sjónarsviðið á áttunda áratugnum. Þar var mikið gert úr blóði og hryllingi til þess að ná tilætluðum áhrifum, það er að segja að hræða líftóruna úr áhorfandanum.



Hið sama má segja um fréttamyndir. Nú er ekki nóg að sýna myndir af sveltandi börnum í flóttamannabúðum heldur fær áhorfandinn að sjá limlest lík við vegarkant og grátandi ekkjur fallinna manna. Nú er einnig hægt að sjá myndskleið á Fésbókinni þar sem ung stúlka er skotin til bana í Teheran, höfuðborg Írans. Áhorfandinn verður næstum eins og boðflenna, hann ryðst inn í líf þessa fólks án þess þó að taka fullan þátt í þeim atburðum sem eiga sér stað, því hann situr jú í örygginu heima í stofu.

Ég er ein þeirra sem hafa gaman af því að horfa á hrollvekjur og spennuþætti á sjónvarpinu, ég hef gaman af því að láta hræða mig í stutta stund og geta svo staðið upp, slökkt á sjónvarpinu og skriðið róleg upp í rúm. Fjarri allri raunverulegri hættu.

HRÝLLINGUR VEKUR VIÐBRÖGÐ Hrollvekjur og spennuþættir vekja viðbrögð hjá fólki.

ÞRIÐJUDAGUR

► **19.45 Everybody Hates Chris** SKJÁREINN



► **20.10 Skólaklíkur** SJÓNVARPIÐ



► **20.20 Meistaradeild Evrópu** STÖÐ 2 SPORT



► **20.45 Bones** STÖÐ 2



► **22.05 Edison** STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós

17.20 Tákn málsfréttir

17.30 Matta föstra og ímynduðu vinirnir hennar (48:53)

17.55 Þessir grallarasþóar (4:26)

18.00 Hruturinn Hreinn (27:35)

18.10 Íslenski boltinn (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Kastljós

► **20.10 Skólaklíkur** (6:10) (Greek) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörukt félagslíf þeirra í háskóla.

20.55 Óvænt heimsókn (3:7) (Uventet besøg: Kambódía) Sjónvarpskonan Camilla Ottesen heimsækir Dani í útlöndum og bregður upp svipmynd af lífi þeirra.

21.25 Viðtalið - William Wallace Bogi Ágústsson ræðir við William Wallace lávarð, einn helsta leiðtoga Frjálslyndra demókrata á Bretlandi.

22.00 Tíufréttir

22.15 Veðurfréttir

22.25 Raðmorðinginn 5 - Algleymi (2:2) (Messiah 5 - The Rapture) Spennu- mynd í tveimur hlutum sem fjallar um rannsóknarlögreglumanninn Joseph Walker sem á í höggi við snarbiladán morðingja. Myndin er ekki við hæfi ungra barna.

23.20 Rebus - Hver er maðurinn?(Rebus: The Naming of the Dead) (e)

00.30 Kastljós

01.00 Dagskrárlök

BÍÓ

08.05 Lucky You

10.05 Waitress

12.00 Iron Giant

14.00 Lucky You

16.00 Waitress

18.00 Iron Giant Bráðskemmtileg teikni- mynd fyrir alla fjölskylduna.

20.00 Betrayed

► **22.05 Edison** Aðalhlutverk: Morgan Freeman, Kevin Spacey, Justin Timberlake

00.00 The Da Vinci Code

02.25 Children of the Corn 6

04.00 Edison

06.00 Cake. A Wedding Story

STÖÐ 2

07.00 Áfram Diego Áfram!

08.15 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 Doctors (20:25)

09.55 Doctors (21:25)

10.20 Cold Case (16:23)

11.05 Gossip Girl (7:18)

11.50 Grey's Anatomy (14:24)

12.35 Nágrannar

13.00 Hollyoaks (217:260)

13.25 Lorenzo's Oil Sannsöguleg mynd um Odone hjónin sem uppgötva að sonur þeirra er haldinn sjaldgæfum sjúkdómi sem sagður er ólækandi.

15.40 Sjáðu

16.05 Tutenstein

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágrannar

17.58 Friends (21:24)

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2 F

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.06 Veður

19.15 The Simpsons (12:25)

19.35 Two and a Half Men (14:24)

20.00 Notes From the Underbelly (2:10) Gamanþættir þar sem dregnar eru upp allar fyndnustu hliðar á barneignum og barnauppleði.

20.20 'Til Death (4:15)

► **20.45 Bones** (16:26) Brennan og Booth snúa aftur í nýrri seríu af spennuþættinum Bones.

21.30 Little Britain (1:6)

22.00 Gavin and Stacey (6:6) Breskir gamanþættir um Gavin og Stacey, sem í upphafi þekkjast aðeins í gegnum vinnuna. Þau hafa talað margoft saman í síma en aldrei sést. Þau láta svo loksins til skarar skriða, fara á hálfblint stefnumót, og þá verður ur ekki aftur snúið.

22.25 The Sopranos (21:26)

23.10 Auðdi og Sveppi

23.50 Lie to Me (2:13)

00.35 Lorenzo's Oil

02.45 Der Untergang (Downfall)

05.15 'Til Death (4:15)

05.40 Little Britain (1:6)

SPORT *besta sætið*

07.00 Breiðablik - Stjarnan Útsending frá leik Breiðabliks og Stjörnunnar í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

17.30 Breiðablik - Stjarnan Útsending frá leik Breiðabliks og Stjörnunnar í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

19.20 Pepsímörkin 2009 Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

► **20.20 Meistaradeild Evrópu. Chelsea - Liverpool** Útsending frá leik Chelsea og Liverpool í Meistaradeild Evrópu.

22.00 PGA Tour 2009 - Hápunktar Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

22.55 NBA tilþríf Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþríf vikunnar í NBA körfuboltanum.

23.20 Arnór Guðjohnsen Þriðji þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð en að þessu sinni er fjallað um Arnór Guðjohnsen og farið yfir feril hans.

SPORT 2 *enski boltinn*

19:00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

19:30 Everton - Manchester United, 1995 Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

20:00 Everton - Leeds, 1999 Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

20:30 Goals of the season Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

21:30 West Ham - Sheffield Wed, 1999 Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

22:00 Liverpool - Newcastle, 2000 Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

22:30 Enska úrvalsdeildin: Everton - Wigan Útsending frá leik Everton og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Óstöðvandi tónlist

17:15 Fyndnar fjölskyldumyndir (1:12)

17.45 Rachael Ray

18.30 America's Funniest Home Videos (38:48) (e)

18.55 The Game (16:22)

19.20 Family Guy (3:18) (e)

► **19.45 Everybody Hates Chris** (4:22) (e) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín af uppaxtarárum sínum. Chris á að skrifa bókardóm en ákveður að stytta sér leið og horfa á myndina í staðinn.

20.10 The Biggest Loser (22:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna.

21.00 Stylista (4:9) Bandarísk raunveruleikasería frá sömu framleiðendum og gera America's Next Top Model og Project Runway. Hér keppa efnilegir stílistar um eftirsóttu stöðu hjá tiskutímaritinu Elle. Keppendurnir þurfa að velja fót fyrir Anne sem er á síðasta snúningi fyrir óvænt ferðalag. Síðan er þeim skipt í lið sem eiga að stýra myndatöku fyrir fót hönnuð af Tory Burch.

21.50 The Dead Zone (3:13) Johnny verður að líta framhjá vantrausti sínu á Stillson varaforseta til þess að reyna að forða því að geimskutla farist.

22.40 Penn & Teller: Bullshit (10:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lyga-laupa með öllum tiltækum ráðum.

23.10 CSI (23:24) (e)

00.00 Flashpoint (9:13) (e)

00.50 Óstöðvandi tónlist



20.00 Hrafnaping í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Umræður um pólitík liðandi stundar.

21.00 Græðlingur í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.

21.30 Birkir Jón Birkir Jónsson alþingismaður fjallar um það sem er efst á döfinni í stjórnmálum liðandi stundar.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.



Dagskrá allan sólarhringinn.



EINKABANKINN | SJÁLFVIRKT HEIMILISBÓKHALD

Kakan þín er komin í Einkabankann



- Fyrsta sjálfvirka heimilisbókhaldið
- Enginn innsláttur í Excel og engir útreikningar
- Þú velur hvaða reikningar og kort mynda kökuritið
- Færslurnar eru flokkaðar fyrir þig
- Hægt er að endurnefna og endurflokka færslur

Heimilisbókhaldið er í Einkabankanum þér að kostnaðarlausu. Kynntu þér málið á landsbankinn.is.



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

Til Death

Brad Garrett snýr aftur í hressilegri gamanþáttaröð sem gerði góða hluti á Stöð 2 þegar hún var fyrst sýnd á síðasta ári. Garrett leikur sem fyrr fúlan á móti, óþolandi nágranna sem gengur endanlega af göflunum þegar ungt og nýgift par flytur í næsta hús. Með þeim hjónum tekst svo ágætis vinskapur og verður þá deginum ljós-ara hversu ólíkum augum miðaldra hjón og ung hjón líta hjónabandið, samskipti kynjanna og tilgang lífsins.

ÞU VIÐ MÆLUM MED

Óvænt heimsókn

Sjónvarpið kl. 20.55

Sjónvarpið sýnir dönsku þáttaröðina Óvænta heimsókn þar sem sjónvarps-konan og blaðamaðurinn Camilla Ottesen heimsækir Dani í útlöndum og bregður upp svipmyndum af lífi þeirra. Hún kemur löndum sínum líka á óvart með því að taka með sér óvæntan gest að heiman. Í þættinum í kvöld fer Camilla til Kambódíu að heimsækja Angelu sem er 25 ára og verður yfir sig ánægð þegar systir hennar dúkkar upp.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin

06.50 Bæn

07.00 Fréttir

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.11 Morgunstund með KK

09.00 Fréttir

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.00 Fréttir

10.13 Óvissuferð - allir velkomnir

11.00 Fréttir

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútlarp

12.20 Hádegisfréttir

13.00 Vltt og breitt

14.00 Fréttir

14.03 Heimsendir í skáldverkum

15.00 Fréttir

15.03 Útlarpssagan: Sumar í Sóltúni

15.25 Þriðjudagsdjass

16.00 Síðdegisfréttir

16.13 Hlaupanótan

17.00 Fréttir

17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Sumraddir

21.20 Trompetmeistarar sveiflunnar

22.00 Fréttir

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Kvöldsagan: Sólon Islandus

23.00 Gatan mín

23.35 Kvöldtónar

00.07 Næturtdonar

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útlarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp

tónlistarstöðin

FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp

FM 102,9 Lindin /

Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útlarp Boðun

/ Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.45 Hollyoaks (216:260)

17.15 Hollyoaks (217:260)

17.40 Ally McBeal (6:21)

18.25 Seinfeld (1:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

18.45 Hollyoaks (216:260)

19.15 Hollyoaks (217:260)

19.40 Seinfeld (1:22)

20.15 Grey's Anatomy (17:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

21.40 Aliens in America (2:18) Stór-skemmtilegir gamanþættir um Raja,ungan skiptinema frá Pakistan sem býr hjá Tolchuck fjölskyldunni í Wisconsin. Hann er múslimi en þau sannkristin. Sambúðin gengur því ekki alltaf hnökralaust fyrir sig.

22.05 So You Think You Can Dance (2:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð. Aldrei fyrr hafa jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Að loknum prufunum er komið að niðurskurðar þætti í Las Vegas. Þar er skorið úr um hvaða sex stelpur og sex strákar komast í sjálfa úrslitakeppnina.

23.30 So You Think You Can Dance (3:23)

00.55 Entourage (7:12)

01.25 Sjáðu

01.55 Ally McBeal (6:21)

02.40 Grey's Anatomy (17:24)

03.25 Fréttir Stöðvar 2

04.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.55 The Inspector Lynley Mysteries 11.40 The Black Adder 12.15 The Weakest Link 13.00 EastEnders 13.30 My Hero 14.00 My Hero 14.30 The Black Adder 15.05 The Inspector Lynley Mysteries 15.55 The Inspector Lynley Mysteries 16.40 EastEnders 17.10 The Weakest Link 17.55 My Hero 18.25 The Black Adder 19.00 Extras 19.30 The Catherine Tate Show 20.00 Waking the Dead 20.50 My Hero 21.20 The Black Adder 21.55 The Inspector Lynley Mysteries 22.45 The Inspector Lynley Mysteries 23.30 Extras

NK1

11.30 Klostrene kaller 12.00 Wimbledon dir-ekte 15.50 Oddasat 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Dora utforskeren 16.25 Travelmysteriene 16.40 Distriksnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Grønn glede 17.55 Skjergardsmat 18.25 Det siste bålet 18.55 Distriksnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Sommeråpent 20.20 Extra-trekning 20.50 Ekstremsportveko 20.50 Bratt moro 21.00 Kveldsnytt 21.15 Der regnbogen slutar 23.05 Si ja, bli min 23.35 Jazz jukeboks

1 SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Med huvudduk och höga klackar 10.35 Beruflsens pengabinge 11.45 Lyckan kommer 13.15 The Bedford Diaries 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Så såg vi somm-aren då 15.00 Vild - krogshow med Nanne 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Allt ljus på 16.55 Cirkusliv 17.25 Anslagstavlan 17.30 Rapport med A-ekonomi 17.50 Regionala nyheter 18.00 Allsång på Skansen 19.00 Morden i Midsomer 20.35 Sommartid 21.05 Hammarkullen 22.05 Vem tror du att du är? 23.05 Sändningar från SVT24

ÞINN ÁRANGUR Í SUMAR

Ágústa, Anna og Guðbjörg hafa sett saman ný 4-vikna námskeið sem tryggja þér þann árangur sem þú vilt ná í heilsu- og líkamsrækt

Ný uppbygging, nýtt efni, nýjar æfingar!

Átaksnámskeið Hreyfingar hafa aldrei verið betri. Leiðbeinendur sem búa yfir áralangri reynslu hafa fengið sérþjálfun til að leiða hin nýju og árangursríku námskeið sem skila þér pottþéttum árangri.

ÁRANGUR/HRAÐFERÐ

40 mín. tímar 2x í viku. Verð 14.900 kr.

ÁRANGUR

60 mín. tímar 3x í viku. Verð 17.900 kr.

Sumarglaðningur fylgir!

Flott sundtaska og 2 fyrir 1 miði í Bláa lónið.

Hægt er að skrá sig á vefverslun Hreyfingar, í síma 414 4000 eða á afgreidsla@hreyfing.is

HEFST 30. JÚNÍ

Í fyrsta sinn í 20 ár finnst mér átakið skemmtilegt! Tímarnir fjölbreyttir, aðstædan frábær og kennararnir þeir bestu. Árangurinn lætur ekki á sér standa og eftir tvö námskeið er enginn vafi á að Hreyfing verður áfram hluti af mínu lífi. Rakel Sveinsdóttir

Árangur/Elítan námskeiðið kom mér skemmtilega á óvart en ég þekkti ekkert til líkamsræktar stöðvarinnar áður né kennar-anna. Eftir öll árin, alla tímána sem ég hef eytt í líkamsrækt án árangurs (aldrei fuku kílóin) þá er árangurinn á aðeins 4 vikum ótrúlegur. Loksins lærði ég hvað þarf til að losna við aukabyngd og laga línurnar, án sveltis. Bergþóra Reynisdóttir

Ég var mjög ánægð með námskeiðið Arangur. Aðstædan er til fyrir-myndar, æfingarnar hæfilega erfiðar í byrjun og hverjum og einum er leýft að fara þetta á sínum hraða, en með hvatningu þá. Mér finnst gaman að komast í ræktina og þúla sem er eiginlega alveg nýtt fyrir mér. Svo ég er búin að skrá mig á framhaldsnámskeiðið og hlakka bara til að halda áfram! Ólöf Elísabet Þórðardóttir

Gjafakortið sem ég fékk frá vinnufélögum hitti aldeilis í mark. Besta gjöf sem ég hef fengið. Hafði ekki hreyft mig markvisst í 3 ár. Skráði mig í Arangur og hef með þrotlausu þúli, ánægju og svita náð þeim árangri sem ég vænti. Aðstædan er til fyrirmyndar, umhverfið notalegt og starfsfólkið elskulegt. Líðanin er stórkostleg eftir tímana. Kristín Högnadóttir

HREYFING

HEILSULIND

BLUE LAGOON

ICELAND

geothermal spa

Álfheimar 74

Sími: 414 4000

hreyfing@hreyfing.is

www.hreyfing.is

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Akkúrat núna er ég að hlusta á The William Blakes, ég sá þá spila á tónleikum í Árósum fyrir nokkru og þeir hafa verið uppáhaldið mitt síðan þá. Hljóm-sveitin Bárufjörð er svo nýja uppáhalds íslenska hljómsveitin mín þessa dagana.“

Hanna Björk Valsdóttir, framleiðandi Draumalandsins


1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. Listastefna, 6. tvíhljóði, 8. tækifæri, 9. smáskilaboð, 11. ónefndur, 12. vegna, 14. nirfill, 16. í röð, 17. struns, 18. í viðbót, 20. gjaldmiðill, 21. tútta.

LÓÐRÉTT
1. sitjandi, 3. skammstöfun, 4. land í Evrópu, 5. tálbeita, 7. umhirða, 10. skjön, 13. dvelja, 15. listi, 16. skraf, 19. mun.

LAUSN
15. ská, 16. mas, 19. ku, 5. agn, 7. umönnun, 10. ská, 13. una, LÓÐRÉTT: 1. rass, 3. al, 4. dammörk, 17. ark, 18. auk, 20. kt, 21. snud. LÁRÉTT: 2. dada, 6. au, 8. lag, 9. sms, 11. n, 12. sökum, 14. náðs, 16. um, 17. n.

PARKET TILBOÐ



Parki INTERIORS

PARKIS / DALVEGI 10 - 14 / S5643500

HEITIR POTTAR



Rafmagnspottar og hitaveituskeljar Í MIKLU ÚRVALI.

VERÐ FRÁ 198.000,-

Heitir Pottar og Skeljar Kleppsvegi 152 sími 554 7755 heitirpottar.is

Léku frummenn í alþjóðlegri auglýsingu

„Þetta er auglýsing fyrir LG. Sem er alþjóðlegt fyrirtæki. Þeir framleiða meðal annars síma og þetta er sjónvarpsauglýsing fyrir nýjan háþróaðan síma. Míní-bíómynd sem fjallar um það þegar frummaðurinn kemst í snertingu við hátæknina,“ segir Einar Sveinn Þórðarson hjá Pegasus.

Um helgina síðustu var hér töku-lið frá frönskum framleiðanda sem var að taka upp sjónvarpsauglýsingu fyrir stórfyrirtækið LG. Pegasus var framleiðandi hér á Íslandi. Að sögn Einar Sveins komu fjölmargir Íslendingar að málum, meðal annars tíu manna hópur leikara og dansara sem brugðu sér í líki frummannsins. Leikararnir Ólafur Darri og Atli

Rafn léku frummenn. Að sögn Ólafs Darra má hann ekkert tjá sig um auglýsinguna vegna ákvæða í samningi sem hann skrifaði undir. Þá voru hér hvorki meira né minna en átta gervasérfræðingar og með þeim starfaði gervamaðurinn Stef-án Jörgen – einn fremsti gervasérfræðingur landsins.

Einar Sveinn vill ekki nefna neinar kostnaðartölur en segir þó fyrirbyggjandi að þetta hafi verið umfangsmikil framleiðsla. Og kærkomnar gjaldeyristekjur. „Leikstjóri auglýsingarinnar er Xavier Maress, sem er vinsæll auglýsingaleikstjóri frá Belgíu,“ segir Einar Sveinn. Ekki er vitað hvenær auglýsingin verður sýnd.

- jbg



ÓLAFUR DARRI OG ATLI RAFN SEM FRUMMENN Auglýsingin fjallar um það þegar frummaðurinn kemst í snertingu við hátæknina.



GYLFI OG SÓLMUNDUR Bókin kemur væntanlega út fyrir júl en þó ekki fyrr en báðir eru sáttir enda mörg fyllerín og hjónaböndin sem þarf að dekkja.

SÓLMUNDUR HÓLM: RITAR ÆVISÖGU GYLFA ÆGISSONAR

Féll fyrir viðfangsefninu

„Þetta er skemmtilegasta verkefni sem ég hef tekið að mér,“ segir Sólmundur Hólm Sólmundarson, blaðamaður og eftirherma, sem nú fæst við að rita endurminningar Gylfa Ægissonar tón- og myndlistarmanns. Sólmundur, sem vann eftirminnilega eftirhermukeppni sem Logi Bergmann gekkst fyrir á sínum tíma, hefur fengist við að koma fram á skemmtunum og hermir eftir ýmsum: „Ég er með helling. Gömlu sem hafa fylgt mér lengi eru Pálmi [Gunnars-son], Olsen-bræður, Shaggy ... gullin mín. Sé reyndar fram á að Sigmundur Davíð verði einn af þeim. Svo er það Jónas Kristjánsson en ég hermi nú helst eftir honum fyrir kollegana. Já, og svo auðvitað Gylfi – sem er algert eftirlæti mitt og áhorfenda.“

Sólmundur, sem hefur á sínum blaðamannsferli ritað ýmsar fréttir af Gylfa („já, það hefur aldrei þurft að pína mig til að

hringja í hann,“) segir þetta verkefni hafa orðið nánast fyrir tilviljun. „Gylfi hringdi í mig út af öðru og ég fór að spyrja hann hvort hann væri ekki farinn að skrifa ævisögu sína. Hann sagði svo ekki vera en spurði hvort ég vildi bara ekki taka þetta að mér. Ég hélt það nú enda mikill aðdáandi Gylfa eins og flestir sem einhver samskipti við hann eiga.“ Þeir félagar hafa nú hist margoft og talað mikið saman í síma. Sólmundur hefur stúderað Gylfa úr fjarlægð en nú, eftir að svo mikil kynni tókust með þeim félögum, segir Sólmundur eitt og annað hafa komið sér á óvart. „Gylfi er miklu dýpri persóna en ég hélt hann væri. Hann er ekki bara sjúddírarírei þó ekkert orð lýsi manningum betur. Hann er eitt stórt sjúddírarírei.“

Sólmundur vonar að bókinn verði tilbúin í haust að því gefnu að þeir séu báðir sáttir. „Það þarf að

gera þetta vel enda mörg fylleri og hjónabönd sem þarf að dekkja,“ segir Sólmundur og er þakklátur Gylfa fyrir að treysta sér fyrir þessu mikla og þarfa verki. Enginn útgefandi er enn inni í myndinni en Sólmundur býst við að þeir stökkvi á þennan gullmola. „Gylfi selur, við sjáum það bara best á disknum sem Papar voru að gefa út með lögum hans. Annars er ég ekki í þessu út af peningunum. Samveran með Gylfa er ómetanleg og svo kem ég til með að ná honum þúsund sinnum betur eftir þetta.“ Verkefnið leggst vel í sjálfan Gylfa sem og nafn bókarhöfundar: „Í sól og sumaryl. Þetta verður fínt samstarf. Ég legg öll spil á borðið og hlífi mér hvergi ekki frekar en vanalega. En ég vil ekki særa neinn. Ef við fáum eitthvað fyrir bókina vil ég ekki eyða því öllu í lögfræðinga. En þær eru margar sögurnar,“ segir Gylfi Ægisson. jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri Rásar 2, kynnti fyrir skemmstu breytingar á morgundagskrá Rásar 1 og 2. Þannig færðist Morgunvaktin af Rás 1 yfir á Rás 2 og heyrir undir fréttastjórn Óðinn Jónsson. Lára Ómarsdóttir og Freyr Eyjólfsson

tóku við af **Hrafnhildi Halldórsdóttur** og Guðrúnu Gunnarsdóttur sem færðar voru til annarra starfa. Morgunblaðið gerði sér mat úr þessum tilfærslum í Staksteinum og taldi víst að þarna

væru duldar sparnaðaraðgerðir á ferðinni. Svo mun þó ekki vera, enda missir enginn vinnuna. Ástæðan mun einfaldlega vera sú að yfirmenn í Efstaleiti vilja bregðast við sífellt minnkandi hlustun á stöðina sem að sögn kunnugra hefur fallið um tíu prósent á einu ári. Fækkun hlustenda Rásar 2 er aðallega í yngri aldurshópum sem þykir ekki gott til langframa. Nokkur titringur hefur verið hjá útvarpsfólki eftir þessar aðgerðir enda búast fáir við að þeim sé lokið.

Fréttablaðið greindi frá því hér á þessum stað að þríeykið Sveppi, Auddi og **Eiddi** [Eiður Smári Guðjónsen] hefði farið í mikla reisu til USA, sannkallaða stjórnuferð, og voru John Terry og fleiri kappar með í för. Eitthvað lentu þeir félagar í vandræðum á heimleiðinni því einn þeirra, Andri Sigþórsson, fyrrverandi knattspyrnukappi, tapaði vegabréfinu sínu.

Eiður mun hafa leyst úr þeim vandræðum og komst einhvern veginn hjá þeim farartálma með því að panta einkaflugvél sem ferjaði þá féлага heim á leið. Icelandair varð af því að hafa þessa skemmtilegu farþega með í sinni vél.

- hdm, jbg



Bókhneigður innbrotspjófur

„Já, það er rétt. Það var brotist inn aðfaranótt sunnudags,“ segir Egill Örn Jóhannsson framkvæmdastjóri Forlagsins.

Hann hlýtur að hafa verið menningarlega þenkjandi maðurinn sem braust inn í bókaútgáfunna Forlagið snemma að morgni sunnudags. Egill telur líklegt að hann hafi viljað ná sér í spennandi bók um hrúnið eða góða kilju fyrir háttinn. En þegar þjófavarnakerfið gall við þá lét hann sig hverfa og var svo gripinn af lögreglu, sem brást skjótt við, fljótlega í kjölfarið. Var hann þá tómhentur og Egill saknar einskis. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var maðurinn í svo annarlegu ástandi að fyrst eftir að lögreglan hafði hendur í hári hans

stóð hún í þeirri meiningu að innbrotspjófurinn væri finnskur.

„Þetta gerðist í kjölfar mikillar samargleði Forlagsins sem var hér á laugardagskvöld. Gleðin var mikil. Höfundum var boðið og héldu menn fyrst að einhver hefði snúið til baka til að halda gleðinni áfram,“ segir Egill Örn furðu léttur í bragði miðað við að hafa orðið fyrir því, í hinu rólega hverfi þar sem Forlagið er við Bræðraborgarstíg, að fá í heimsókn þennan óboðna gest.

- jbg

EGILL ÖRN Eftir samarfögnuð í húsa-kynnum Forlagsins mætti menningar-sinnaður innbrotspjófur í svo annarlegu ástandi að lögreglan hélt að hann væri finnskur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR





Við greiðum þér leið í sólina

Síðustu sætin
í sólina í júní

4 jafnar
greiðslur

Skiptu kostnaðinum í fjórar vaxtalausar og jafnar greiðslur á www.urvalutsyn.is. Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. 3% færslugjald leggst ofan á uppgengið verð.



Tenerife

VERÐ FRÁ

77.600 kr.

á mann í viku á Hotel Gala ****hótelí miðað við 2 með 2 börn – brottför 24. júní. **Hálft fæði.**

Marmaris

VERÐ FRÁ

96.960 kr.

á mann í viku á Forum íbúðarhótelí miðað við 2 með 2 börn – brottför 26. júní.

Örfá sæti laus – hægt að fá hálft fæði, 12.600 kr. fyrir fullorðna og 6.300 kr. fyrir börn.

Það er afskaplega auðvelt að komast í gott frí á sólarströnd með fjölskylduna með því að skipta kostnaðinum í fjórar jafnar vaxtalausar greiðslur á greiðslukort. Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar ljúft og þægilegt frí á frábærum kjörum. Marmaris í Tyrklandi og náttúruperlan Tenerife hafa laðað Íslendinga til sín sumar eftir sumar.

„...og nú allir af stað með Úrval-Útsýn“.



ÚRVAL-ÚTSÝN

www.urvalutsyn.is



Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleðis er bókanargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

74%

34%

FRÉTTABLAÐIÐ

Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.
Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



Fjandskapur við skriðsóley

Umhverfis grösín er sprottið þétt fagurgrænt teppi af arfa. Kræklurnar standa uppúr teppinu en undir er einhver tegund sem ég ber ekki kennsl á. Þar í bland sé ég fornan fjanda minn í garðrækt, skriðsóleyjaranga. Í jaðrinum eru njólablöð. Ofar öllu eru mín glæstu kartöflugrös. Stæðileg og föngu- leg liggja þau í brúskum ofan á ill- gresinu, sem er svo þétt í smágerðri rótinni að stinga má fingrum undir teppið og svipta því burtu með einu handtaki svo lófastórt gat verður eftir í grænni voðinni.

HVER ber ábyrgð á þessu? Garður- inn var nýplægður uppúr eldri gördum og í hann fór vænn skammtur af hrossataði. Hér bar allt að sama brunni: langvinn órækt hafði fyllt mómoldina illgresisfræjum og ekki bætti taðið úr: einhver hrossarækt- andinn hefur beitt stóði sínu sem þessu taði skeit á arfagresjur. Nú þarf ég að þrifa eftir hann. Það er létt verk að fletta illgresisbreið- unni af beðinu, því fyrsta af fjórum. Neðsta beðið í slakkanum er sýnu verst: þar heyrir skriðpuntur hetju- lega baráttu fyrir lífi sínu og þegar efri beðin öll eru hrein bærist blað- fagur punturinn í kvöldblænum. Þar örlar ekki á grasi. Gleymdist að pota útsæði niður í það? Leit er skipulögð í huganum eftir fáa daga. Líkast til verður að stinga þann part upp, hreinsa beðið á stórum parti eins og veikan stjórnmála- flokk. Gott að maður lumar á rauðu útsæði á tryggum stað sem kemur nú til góða, fagurlega spírað í svörtum poka við rétt hitastig.

ALLT um kring eru félagar mínir, allt ókunnir menn, karlar og konur að huga að ræktinni. Bjartar akríl- breiður, dimmgrá plöst og sérsnið- in fyrir bogagrindur skreyta lund- inn, götur teknar að verða torfærar fyrir grjóttínsunni sem skilar upp úr moldinni smáhrúgum milli stærri fanga úr steinaríkinu.

ÞAÐ lítur vel út með uppskeruna, grösín komin vel af stað. Keikir kálblöðungar eru fyrirferðarmikl- ir í beði nágrannans. Handan við óræktina þúsar umferðin með ein- staka rokem manna með vélarafli við tærnar. Lengst niðurfrá hjal- ar áin. Okkur vantar rigningu, það er stöku dreif af smádropum sem standa ekki undir nafninu skúr. Þá er kallað. Maður er kominn upp í birkitré og lítur nú yfir veldi sum- arsins í borgarlandinu. Hér er minn heimur og sá er stór. Hann er yfir tímanum snádinn og greinin vagg- ar ástúðlega undir honum. Og svo dettur á dúnalogn í kvöldblíðunni. Gatan tæmist andartak og þá heyr- ist fugl.

GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn 23. júní.
174. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	2.56	13.30	0.03
Akureyri	1.31	13.15	0.57

Heimild: Almanak Háskólans



ÞÖKKUM ÞÁTTTÖKUNA Í SJÓVÁ KVENNAHLAUPI ÍSÍ

Frábær þátttaka var í Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ á laugardaginn. Þátttakendur voru yfir 16 þúsund en hlaupið var á yfir 90 stöðum á landinu og 18 stöðum erlendis.

Við þökkum öllum fyrir skemmtilegan dag.

Sjáumst að ári!

